





LYFJA
Lífð heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

FRÉTTABLAÐIÐ

11. júlí 2007 — 186. tölublað — 7. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR




Hinir í Harry Potter
Fólkið sem er að brjóta fram á hvíta tjaldinu.

Allt í drullu



Hálf dán Bjarki býr Ísafjörð undir komu Myraboltans um verslunarmannahelgina.

Kvótakerfið er gjaldproti




„Alvarleg teikn eru á lofti um að afkomendur okkar muni taka við lakara lífríki sjávar en forfeðurnir fólu okkur, ef við stóreflum ekki þekkingu okkar á sjávarnytjum, lífríki hafsins og hafsbotninum,“
skrifar Atli Gíslason.

Valur vann í vítakeppni



Valsmenn slógu KR-inga út úr 16 liða úrslitum VISA-bikars karla í gær en leikurinn fór alla leið í vítakeppni.

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA BJART TIL LANDSINS í dag verða austan 3-8 m/s. Skýjað sunnan og vestan til, einkum þegar liður á daginn. Annars víða nokkuð bjart til landsins en þokuloft við norður- og austurströndina. Hiti 10-20 stig, hlýjast á til landsins á Vesturlandi.

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Fæðingarorlof hefur áhrif á launamun

Fæðingarorlof karla virðast sveigjanlegri en kvenna. Karlmenn geta haldið áfram að vera ómissandi á meðan konur taka oftast samfelldt fæðingarorlof.

FÉLAGSMÁL Karlar taka oftast nokkur styttri frí í fæðingarorlofi, en konur frekar samfelldt orlof. Þrátt fyrir lög um fæðingarorlof virðast vinnuveitendur líta á karlmenn sem verðmætari starfsmenn en konur, sem hefur bein áhrif á launamun kynjanna, segir sviðsstjóri hjá Jafnréttisstofu.

Foreldrar geta tekið þrjá til sex mánuði óslitna í fæðingarorlof, en geta einnig samið við vinnuveitendur um nokkur styttri frí. Dæmi er um mann sem tók fæðingarorlof sitt í átján stuttum fríum, segir Leó Örn Þorleifsson, forstöðumaður Fæðingarorlofs-sjóðs.

„Þetta bendir óneitanlega til þess að frítaka karlanna sé mun

sveigjanlegri, og þá áreiðanlega að hluta til út frá þörfum þeirra vinnustaðar, þeir halda áfram að vera öruggari starfskraftar en konur,“ segir Ingólfur V. Gíslason, sviðsstjóri hjá Jafnréttisstofu.

Hann segir að út frá jafnréttis-sjónarmiðum væri heppilegra ef karlar tækju fæðingarorlof með líkari hætti og konur. Lög um fæðingarorlof hafi vissulega gert sitt til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum, en eftir sem áður virðist sem vinnuveitendur líti á karlmenn sem verðmætari starfsmenn en konur. Ein skýring þess gæti verið sú að þeir séu sveigjanlegri í fæðingarorlofi, og geti því haldið áfram að vera ómissandi starfsmenn.

„Ég myndi helst vilja sjá að staðan væri sem jöfnust. Við höfum séð það í könnunum bæði hérlandis og erlendis að þessi staða kvenna er ein af stóru skýringunum á kynbundnum launamun,“ segir Ingólfur.

Til að bæta ástandið mætti til dæmis lengja fæðingarorlofið. Nái foreldrar að hafa samfleytt fæðingarorlof frá fæðingu þar til barnið komist inn á leikskóla sé líklegra að foreldrarnir skiptist á og taki báðir frekar samfelld frí til skiptis, segir Ingólfur. Annað sem gæti jafnað stöðuna væri svo að lengja lágmarkstíma í fríi hverju sinni, til dæmis úr tveimur vikum í mánuð.

- bj / sjá síðu 10



ELGUR „Gerir Danmörku áhugaverðari.“

Dýraríki Danmerkur auðgað: Sænskir elgir í danska skóga

DANMÖRK Náttúruverndarsamtök Danmerkur hafa nú sett sér að markmiði að auðga fínu landsins um hið tignarlega jörturdýr norðursins, elginn. Þetta einkennisdýr Skandinavíu hefur ekki haldið sig í Danmörku síðan á síðsteinöld fyrir 4.000 árum.

Elgir eru til þess fallnir að „gera Danmörku áhugaverðari“, hefur þýska vikuritið Der Spiegel eftir Poul Hald-Mortensen, varaforseta dönsku náttúruverndarsamtakanna. Að hans sögn er pláss fyrir um 5.000 elgi í skógum á Jótlandi og Sjálandi.

Í Skotlandi er nú einnig komin í gang áætlan um að flytja inn elgi frá Svíþjóð til að sleppa þar úti í náttúrunni.

- aa



GRETTISGATA Í GÆRKVÖLDI Mikill eldur braust út í bakhúsi við Grettisgötu í gærkvöldi og var allt tiltækt slökkvilið kallað til. Þrír reykkaforar fóru inn í húsið til að ganga úr skugga um að enginn væri þar inni. Útigangsmenn hafa haldið til í húsinu sem stendur til að rífa. Stuttu eftir að reykkaforarnir yfirgáfu húsið hrundi þak þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Gamalt steinhús við Grettisgötu 57 eyðilagðist í eldi í gærkvöldi:

Óttast var um útigangsmenn

ELDSVODI „Við óttuðumst mjög að hér væru einhverjir inni því útigangsmenn hafa haldið til í húsinu,“ segir Guðmundur Halldórs-son, varðstjóri slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Mikill viðbúnaður var hjá lögreglu og slökkviliði þegar eldur braust út í steinhúsi við Grettisgötu um klukkan átta í gærkvöldi.

Öllum götum í nágrenni við húsið var lokað til að auðvelda slökkvistarfið. Engin slys urðu á fólki í brunanum.

Guðmundur, sem stjórnaði slökkvistarfi á vettvangi, segir að mikill eldur hafi verið í húsinu þegar slökkvilið kom á staðinn og því var óttast að eldurinn myndi breiðast út. „Eldtungurnar stóðu þrjá til fjóra metra upp úr þakinu, þannig að við óttuðumst um húsin hér við hliðina. Eldveggir hússins héldu hins vegar og vel gekk að slökkva eldinn.“ Til stendur að rífa húsið en mikill eldsmatur var innan dyra. Húsið hefur staðið mannlaut um nokkurra ára bil.

Allt tiltækt slökkvilið var kallað til. „Þegar kviknar í á þessu svæði þá er það regla að nota allt tiltækt slökkvilið. Hér er mikið af timburhúsum og því alltaf mikil hættu á ferðum,“ segir Guðmundur.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun var slökkvistarfi að mestu lokið en standa átti eldvakt fram eftir kvöldi. Umferð var hleypt á Grettisgötu, Laugaveg og Barónsstíg á tíunda tímanum í gærkvöldi.

- shá

SHIMANO
hjól
EXAGE



Pú færð Shimano í næstu sportvöruverslun

NÝTT 2007

SETTU ÞAÐ SAMAN



Af hverju að borga meira?



Littu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af vönduðum og fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.

SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

SPURNING DAGSINS



Gísli, voru þetta flokks-gæðingar?

„Já, þetta voru fyrsta flokks gæðingar.“

Borgarstjóri Reykjavíkur færði starfsbróður sínum í Moskvu tvo íslenska reiðhesta til eignar. Gísli Marteinn, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, var með í för.

Lést í bílslysi



Pilturinn sem lést í bílslysi í Norðurárdal í Skagafirði aðfaranótt sunnudagsins 8. júlí hét Þorbergur Gíslason. Hann var 21 árs gamall, fæddur 3. september 1985. Þorbergur var búsettur í Mosfellsbæ. Hann var ókvæntur og barnlaus.

Evrópusambandið:

Malta og Kýpur taka upp evru

BRUSSEL, AP Evrópusambandið gaf í gær tveimur af nýju aðildarlöndunum, Möltu og Kýpur, heimild til þess að byrja að nota evruna um næstu áramót. Evrulöndin verða þar með orðin fimmtán. Á Möltu og Kýpur býr samtals um ein milljón manna og verða þá búáur í evrulöndunum orðnir 318 milljónir. Hins vegar er lengra í að ákveðið verði hvenær hin stærri af nýjustu ESB-rikkjunum, það er Pólland, Ungverjaland, Tékkland, Rúmenía og Búlgaría, bætist við evrusvæðið. Samkvæmt aðildarsamningunum eru þau skuldbundin til þess þegar þau uppfylla öll skilyrði.

ÞJÓÐKIRKJAN

Þrír sóttu um prestsembætti á Sauðárkróki

Þrír sóttu um prestsembætti á Sauðárkróki en það var auglýst til umsóknar nýlega. Umsækjendur eru Hildur Inga Rúnarsdóttir guðfræðingur, Sigríður Gunnarsdóttir prestur og Sólveig Jónsdóttir guðfræðingur. Embættið verður veitt frá 1. ágúst.

BÍLL DAGSINS

KIA SORENTO

Nýskr. 10.02 - Sjálfskiptur - Ekinn 80 þús. km.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

11. júlí 2007 MIÐVIKUDAGUR

Dræmar viðtökur blindra og sjónskertra við nýjum talgervli:

Ragga virðist ætla bresta í grát



TÆKNI „Það segir sig náttúrulega sjálft að það er leiðinlegt að vinna með manneskju sem virðist ætla að bresta í grát allan daginn,“ segir Bergvin Oddsson, formaður Ungmennahreyfingar Blindrafélagsins, um rödd nýs talgervils, sem notaður er í skjálestrarforritum fyrir blindra og sjónskertra. Slíkur búnaður hefur verið til á íslensku frá því 1990 og hefur lengstaf verið notuð karlmannsrödd sem kölluð er Snorri. Nýlega kom á markað nýrri og fullkomnari talgervill að nafni Ragga og var honum ætlað að taka við af Snorra. Hins vegar virðast viðtökur blindra og sjónskertra hafa verið

fremur slæmar þar sem röddin þykir helst líkjast málrómi grátklökkra konu.

Hartmann Kr. Guðmundsson er forstöðumaður Örtækni en fyrir-tækið sér um sölu og þjónustu á hjálparbúnaði fyrir fatlaða, segir

ástæðu gallans vera að fínstillingu milli orða vanti. Vandamálið sé ekki röddin en hana lagði fyrrverandi þulan Ragnheiður Elín Clausen til heldur í tækniatriðum framleiðandans Nuance.

„Það er búið að leggja mikla vinnu og peninga í þennan talgervil þannig við áttum ekki von á öðru en að þetta yrði í lagi,“ segir Hartmann. Hann segir fólk hafa orðið hálfundrandi yfir því að svona atriði hefði ekki verið lagfært áður en talgervillinn fór í dreifingu. Hann eigi þó von á því að það verði gert með haustinu og að þá verði hægt að setja röddina inn í fleiri forrit.

- kdk

Alvarleg vanræksla dýra látin viðgangast

Sífelld krafa neytenda um ódýrari matvöru veldur stækkun búa og ódýrari framleiðslu aðferðum. Það skilar sér í verri meðferð á skepnum að mati Ólafs R. Dýrmundssonar landsráðunauts. Of lítið eftirlit er með tómstundabúskap.

LANDBÚNAÐUR

„Alltof mikið er um að ill meðferð sé endurtekin,“ segir Ólafur R. Dýrmundsson, landsráðunautur í búfjárrækt hjá Bændasamtökum Íslands. Nauðsynlegt er að endurskoða allt kerfið þegar kemur að eftirliti búfjár, hvort sem það er eftirlit með verksmiðjubúskap, svo sem í alifugla-, loðdýra- og svínarækt eða í hefðbundnum búskap. Ólafur segir nærri láta að búfjárefthritið hafi gert athugasemdir við um fimm prósent búa. Alvarleg mál, þar sem oft reynist nauðsynlegt að lóga dýrum sem hlotið hafa slæman aðbúnað, eru svo um tíu til tuttugu talsins hvert ár. Það segir Ólafur alltof háa tölu sérstaklega þegar tekið er tillit til að búfjárefthritsmenn fái venjulega ekki að koma inn í svokölluð verksmiðjubú og falla þau því ekki undir þessa tölu. Ástæður sem bændur þeirra búa gefa upp er ótti við sjúkdóma, sérstaklega eftir að fuglaflensan kom upp, auk þess sem þeir telji flestir að eftirlit dýralækna nægi. Að sögn Ólafs hafa aðstæður dýra á mörgum búum hérlandis versnað á síðustu árum. Meginástæðan fyrir því sé oft krafa almennings og stjórnvalda um ódýrara kjöt. Það valdi því að búin stækki og aðstæður verði verri og ónáttúrulegri en tíðkast hefur. Ólafur segir að aukin vandamál hafi einnig skapast með fjölgun svokallaðra tómstundabænda. Samkvæmt lögum beri slíkum bændum að tilgreina tilsjónar-



LÖGBROT LÁTIN VIÐGANGAST Mörg þeirra mála sem koma upp hjá Bændasamtökunum eru vegna vanhirðu á útgangshrossum. Það færir í vöxt að menn haldi dýr allt árið án þess að búa nálægt þeim. Samkvæmt lögum ber að tilnefna tilsjónarmenn sem eru vakandi fyrir velferð hrossanna en of sjaldan er farið eftir því.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÓLAFUR R. DÝRMUNDSSON

mann með dýrunum til sveitarstjórnar. Því miður séu tilsjónarmenn, sem sjái til þess að dýrin fái nægt æti og skjól, þó alltof sjaldan tilnefndir og sveitarstjórnarmenn gangi ekki nægilega á eftir því að farið sé að þessum lögum. Ólafur minnir á að þótt ástandið sé ekki nægilega gott séu flest-

ir bændur til fyrimyndar. Úrbóta sé þó þörf og hefur hann lagt fram tillögur á breytingum á eftirlitskerfinu. Búnaðarþing hefur samþykkt þær nánast án breytinga. Öðlist tillögunar lagalegt gildi verður afurðastöðvum óheimilt að taka við vörum frá bændum sem ekki uppfylla skilyrði búfjárlaga um aðstæður skepna. „Hins vegar vil ég að við séum í fararbroddi í þessum málum og að neytendur átti sig á því að sífelld krafa um ódýrt kjöt leiðir til verri meðferðar á dýrum,“ segir Ólafur.

karen@frettabladid.is

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar biður borgarbúa að setja matarleifar í ruslið:

Það á ekki að gefa mávum brauð

REYKJAVÍK Með bættri umgengni og færri brauðgjöfum má draga úr uppgangi máva. Umhverfissvið Reykjavíkurborgar mun á næstu dögum hengja upp veggspjöld á ýmsum opinberum stöðum í Reykjavík með skilaboðum um hvernig beina megi fuglinum frá borginni. Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri neyslu- og úrgangsmála hjá umhverfissviði, biður fólk um að gefa minna af brauði við Tjörnina í júlí á meðan andarungar eru að komast á legg, en þeir borða ekki brauð. Betri umgengni skipti einnig máli ef sporna á við ágangi máva. Enginn ætti að skilja eftir matarleifar á víðavangi. Almennigur er ekki einn um að fá ráðleggingar um máva frá borginni því Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun senda bréf til veitinga-



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR Mávar gera sig heimankomna við ráðhúsið. Umhverfissvið borgarinnar biður borgarbúa að láta úrgang ekki liggja úti við.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

og skyndibitastaða í borginni. Eigendur þeirra verða beðnir um að hafa ruslagáma og tunnur ævinlega lokaða og að úrgangur liggi ekki við ruslagáma á lóð fyrir-tækja. Sílamávar er farfugl á Íslandi, sem heldur sig á hafinu utan við Spán og norðvesturhluta Afríku á veturna. Hann kemur oftast fyrstur farfugla í lok febrúar og er fram í september eða október.

- sfs

Kínversk stjórnvöld hneyksluð:

FBI auglýsir eftir njósnurum

KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld þvertaka fyrir að vera með njósnara í Bandaríkjunum sem séu að reyna að skaða stjórnvöld. Þessi yfirlýsing kemur í kjölfar auglýsingar frá Alríkislögreglu Bandaríkjanna, FBI, sem birtist í kínverskum dagblöðum í San Francisco þar sem fólk var beðið að láta vita ef það hefði upplýsingar um njósnara sem hefðu illt í hyggju, sérstaklega frá Kína. Talskona kínverska utanríkisráðuneytisins sagði hóp innan Bandaríkjanna reyna að kynda undir ótta um að ógn stafaði af Kína eftir því sem áhrif landsins á heimsvísu ykjust.

- sdg



BMW-BIFREIÐIN Billinn lenti aftan á jeppa og fór svo langt út af veginum eins og myndin sýnir.

Lögregla lýsir eftir vitnum:

Harður árekstur í Grafarvogi

LÖGREGLUMÁL Harður árekstur varð á Strandvegi á milli Gylfaflatar og Hallsvegar rétt fyrir klukkan fimm í gær. BMW-bifreið, sem var að öllum líkindum á miklum hraða, lenti aftan á Audi-jeppa. Mikið tjón varð á báðum bifreiðum en meiddli á fólki voru minniháttar. Tildrög slyssins eru ókunn. Ökumaður BMW-bifreiðarinnar var enn á slysadeild þegar Fréttablaðið fór í prentun og átti því eftir að yfirheyra hann. Þeir vegfarendur sem kunna að hafa orðið vitni að árekstrinum eru beðnir um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444-1000.

- þeb

Fjórir drengir á Akureyri:

Stálu loftvog og handáburði

DÓMSMÁL Fjórir piltar á aldrinum 17 til 20 ára hafa verið ákærðir fyrir margvíslegan þjófnað og innbrot í verslunina Hreiðrið, Bílaverkstæði Akureyrar, vallahús á Akureyrarflugvelli og húsnaði Dreggs ehf. um helgi í febrúar. Meðal þess sem drengirnir eru sakaðir um að hafa stolið eru sigarettur, símakort, goddrykkir, IBM-fartölva, loftvog, handjárn, Hyundai-borðtölva, handáburður, dagatal, tveir pakkar af Cheerios og tveir af Cocoa Puffs.

- sgi

Nicotinell®

NÝJAR
PAKKNINGAR
BETRA
VERÐ

TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!

MUNNSOGS-
TÖFLUR



TYGGIGÚMMÍ



PLÁSTRAR



NICOTINELL

- ÞRJÁR GÓÐAR LEIÐIR TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnar og eru ákvarðaðar eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til lækis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

GENGIÐ 10.7.2007			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	60,4	60,68
	Sterlingspund	121,75	122,35
	Evra	82,41	82,87
	Dönsk króna	11,074	11,138
	Norsk króna	10,34	10,4
	Sænsk króna	8,962	9,014
	Japanskt jen	0,4899	0,4927
SDR		91,94	92,48
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR			
		111,7588	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



MÓTMÆLI Íbúar á Skólavörðuholti óttast um öryggi skólabarna.

Iðnskólareiturinn:

Athugasemdir við skipulag

SKIPULAGSMÁL Frestur til að skila inn athugasemdum við nýtt deiliskipulag á svokölluðum Iðnskólareit á Skólavörðuholti rann út á föstudag. Samkvæmt upplýsingum frá skipulagssviði borgarinnar í gær voru komnar fram fimm athugasemdir og hugsanlegt að fleiri væru í pósti. Meðal þeirra sem sent höfðu inn athugasemdir voru skólastjóri, foreldraráð og foreldrafélag Austurbæjarskóla sem telja að umferð framhjá skólanum að fyrirhuguðu bílastæðahúsi ógni öryggi skólabarna. Breytingarnar á reitnum miðast við að stækka byggingar Iðnskólans.

- gar

ÁRÉTTING

Í dálknum Frá degi til dags á sunnudag var lagt út af frétt Vísis þar sem haft var eftir Atla Gíslasyni þingmanni að enginn vísindalegur grunnur lægi að baki ákvörðun sjávarútvegsráðherra við úthlutun þorskvóta næsta fiskveiðisárs. Hið rétta er að öðrum mannanna var sleppt þegar í ljós kom að hann tengdist ekki ráninu.

LEIÐRÉTTING

Mishermt var í blaðinu í gær að tveir menn hefðu verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna ráns í 10-11 á Barónsstíg. Hið rétta er að öðrum mannanna var sleppt þegar í ljós kom að hann tengdist ekki ráninu.

Dísilbíllinn Opel Costra er ekki „visthæfur“ að mati Reykjavíkurborgar:

Fær óvart ekki ókeypis stæði

UMHVERFISMÁL Eigendur dísilbílsins Opel Costra, sem valinn hefur verið einn af sparneytnari bílum heims, geta ekki fengið ókeypis bílastæði í Reykjavík. Borgin hyggst bjóða upp á frí stæði fyrir „visthæfa“ bíla, sem hluta af Grænum skrefum.

Opel Costra með dísilvél eyðir 3,7 lítrum á hverjum 100 kílómetrum og valdi enska dagblaðið The Guardian bílinn sem einn af tíu bílum heims sem menga minnst. Tveimur grömmum af koltvísýringsútbæstri á kílómetra munar að hann falli innan skilgreiningar borgarinnar um „visthæfan“ bíl. „Hann tilheyrir þessum flokki

eyðslugrennstu bíla sem til eru,“ segir Loftur Ágústsson, markaðs- stjóri hjá Ingvari Helgasyni. „Það er ekki spurning. Hann er bara óvart ekki innan þessa marka að fá frí bílastæði í Reykjavík.“

Loftur segir mikilvægt að hvetja fólk til að kaupa sparneytna bíla. „Mér finnst miklu eðlilegra að lækka tolla og aðflutningsgjöld á eyðslugrennri bílum, frekar en að hygla fólk eftir landshlutum. Er eitthvað minna mál að menga úti á landi en í Reykjavík?“

Dísilbílur fá engar ívilnanir frá ríkinu vegna aðflutningsgjalda, að sögn Lofta. Dísilútgáfa af Costra fer á sölu í september.



OPEL COSTRA Eyðir 3,7 lítrum á 100 kílómetrum og blæs út 122 grömmum af koltvísýringi á kílómetra.

„Ég skal hundur heita ef viðskiptavinir meta það mikils að stöðumælagjöld falli niður í borginni,“ segir Loftur. „Ég held ekki að þetta hafi áhrif á sölu.“ - sgj

Hörð átök um moskuna

Tugir manna féllu í bardögum í rauðu moskunni í Íslamabad í gær. Næstæðsti klerkur moskunnar féll í átökunum. Herinn réðst til atlögu eftir að ljóst þótti að samningaviðræður myndu engan árangur bera.

PAKISTAN, AP Stjórnarherinn í Pakistan réðst snemma í gærmorgun inn í rauðu moskuna í Íslamabad. Eftir harða bardaga við herskáa múslima náði herinn moskunni og sambyggðum kvennaskóla á sitt vald.

Abdul Rasheed Ghazi, næstæðsti klerkur moskunnar, féll í árásinni þar sem hann hafði hreiðrað um sig í kjallara kvennaskólans ásamt herskáum félögum sínum. Bardagarnir kostuðu nærri 60 manns lífið, þar á meðal átta stjórnarhermenn.

Eldri bróðir Ghazis, Maulana Abdul Aziz æðstiklerkur, var handtekinn á miðvikudaginn í síðustu viku þegar hann reyndi að komast út úr moskunni dulbúinn sem kvenmaður.

Stjórnvöld segjast ekki hafa átt annars úrkosta en að ráðast inn í moskuna eftir að ljóst þótti að samningaviðræður myndu engan árangur bera.

Umsátur hersins um moskuna hófst á þriðjudaginn í síðustu viku í beinu framhaldi af átökum fyrir utan moskuna sem kostuðu að minnsta kosti níu manns lífið. Tugir kvenna og barna voru í moskunni meðan umsátrið stóð yfir og sögðu stjórnvöld þau vera gísla hinna rótaðu múslima. Herinn hélt því fram að um það bil fimmtíu af þessum gíslum hafi verið bjargað á lífi í gær.

Rauða moskan er ein helsta moskan í Íslamabad, staðsett skammt frá helstu stjórnarbyggingum landsins í höfuðborginni. Undanfarna mánuði hafa ráðamenn moskunnar lent æ oftar upp á kant við stjórnvöld í Pakistan.

Ghazi þótti á yngri árum hófsamur múslimi, en hann varð mun róttækari eftir að faðir þeirra bræðra, sem á sínum tíma stofnaði rauðu moskuna, var myrtur árið 1998. Árið 2004 gaf Ghazi út trúarlega tilskipun, fatwa, um að ekki



skuli lesa útfararþætur yfir pakistönskum hermönnum, sem féllu í bardögum við al-Kaída, hin alræmdu samtök Osama bin Laden.

Ráðamenn moskunnar hafa undanfarna mánuði lagt mikla áherslu á að múslimskum sharia-lögum verði framfylgt út í æsar í höfuðborginni, þvert ofan í vilja stjórnvalda. Moskan hefur í raun fylgt svipaðri stefnu og talibanastjórnin

í Afganistan á sínum tíma, og hafa tveir kóranskólar verið starfræktir í tengslum við moskuna, annar fyrir karla en hinn fyrir konur.

Nemendur kóranskólanna hafa látið mjög til sín taka og meðal annars rænt bæði lögreglumönnum og konum sem þeir hafa sakað um að vera vændiskonur, auk þess hafa þeir varað verslunarfolk við að selja tónlist og kvikmyndir.

Stjórnvöld létu þó ekki til skarar

skríða gegn aðgerðum þeirra fyrr en í síðustu viku eftir að námsmennirnir rændu sjö Kínverjum á nálástungustofu, sem námsmennirnir fullyrtu að væri vændishús.

Pervez Musharraf, forseti Pakistans, þykir taka nokkra áhættu með því að senda her sinn gegn hinum herskáa múslimum. Átökin gætu leitt af sér sterkari andstöðu gegn stjórn hans.

gudsteinn@frettabladid.is

Komdu út að LEIKA!

Hollý - húl
Fundinn! Stol!

Ný bók með hundrað skemmtilegum leikjum fyrir krakka á öllum aldri! Ómissandi í útileguna, afmælið, ættarmótið, vina- hópinn og fjölskyldu- boðin - vetur, sumar, vor og haust!

4. sæti
Börn og unglingar
Metsulisti Eymundsson
27/6 - 3/7 2007

Jósep segir... Klukk!
Yfir!
Edda edda.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	16°C skúrir	London	21°C léttskýjað	Friedrichshafen	16°C skúrir
Billund	16°C rigning	Paris	20°C hálfskýjað	Basel	19°C skúrir
Oslo	16°C skúrir	Eindhoven	19°C skúrir	Alicante	28°C hálfskýjað
Stokkhólmur	22°C skúrir	Frankfurt	20°C skúrir	Algarve	29°C heiðskirt
Gautaborg	16°C rigning	Berlin	18°C skúrir	Las Palmas	27°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Gæða málning á rétu verði

Þegar kemur að vali á málningu utanhúss er málningin frá Múrbúðinni sannarlega í fyrsta flokki og á verði sem kemur skammtilega á óvart

– Jón málari



DEKAPRO
útimálning
10 lítrar

Allir ljósir litir

Kr. 3.990,-



SCALA þakmálning
10 lítrar

Kr. 5.260,-



SCALA þekjandi
viðarvörn 5 lítrar

Kr. 3.495,-

Þerjumst gegn MÚSKÓ væðingunni,
gerum innkaupin á réttu verði og
gerum eitthvað skammtilegt með
fjölskyldunni fyrir verðmuninn.



Opið mán. - fös. 8-18
laugardaga 9-17

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

KJÖRKASSINN

Keyrir þú á dísilbíl?

Já	23,2%
Nei	76,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að vændi sé stundað á Íslandi?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Dómsmálaráðherra undrandi: Vill skýringu á ummælum

DÓMSMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vill að Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi ráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins, skýri ummæli sín um Baugsmálið betur. Hann furðar sig jafnframt á ummælunum og segist ekki hafa rætt Baugsmenn í hennar návist. Orðin umræddu lét Valgerður falla í viðtali sem birtist í Viðskiptablaðinu síðastliðinn föstudag. Þar sagði hún meðal annars mikilvægt að allir væru jafnir fyrir lögum og hún hefði sjálf upplifað hvernig sjálfstæðismenn töluðu um Baugs-

- þeb

Ung rússnesk stúlka: Selur blíðu sína í Reykjavík

REYKJAVÍK Heimsókn ungrar konu til Reykjavíkur er auglýst á vefsíðu rússneskrar fylgdarþjónustu. Mun stúlkan vera komin til landsins gagnert til að selja blíðu sína.

Á vefsíðunni má finna ítarlegar upplýsingar um verð og fjölbreytta kynlífþjónustu hennar og annarra kvenna. Hægt er að panta heimsókn til hennar í gegnum síðuna og á heimsóknin að fara fram á Hótel Nordica, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær.

- þeb

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com

Veðrið verður ekkert vandamál.

Rein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Formaður Félags meindýraeyða segir hættulegt að eyða geitungabúum:

Ekki dýr sem menn klappa

DÝRAHALD „Það er stórhættulegt fyrir fólk að eyða geitungabúum sjálft,“ segir Guðmundur Óli Scheving, formaður Félags meindýraeyða. „Ef það ætlar að gera þetta sjálft þarf það að liftryggja sig og helst slysatryggja. Það verður að verða sér úti um stífkrampasprautu og láta athuga hvort það sé með bráðafnæmi fyrir geitungunum,“ segir Guðmundur. Einnig segir hann mikinn búnað þurfa til að fara rétt að. „Þetta eru ekki dýr sem menn klappa.“

Guðmundi er ekki kunnugt um að fólk hafi slasast við eyðingu búna, en að hættan sé vissulega fyrir hendi. „Hérlandis hafa ekki orðið dauðs-

föll af völdum stungna svo ég viti en þetta er algengt erlendis. Það er mun skynsamlegra að fá fagmenn í þetta, allir þeir sem eru í Félagi meindýraeyða gjörþekkja þetta og hafa sótt námskeið bæði hér heima og erlendis.“

Hann hefur ekki orðið var við að geitungum fari fækkandi. „Þeir voru seinir á ferðinni í ár. Framan af júnímánuði voru þetta lítil bú en nú er þetta að stækka.“

- þeb

GEITUNGABÚ

Guðmundur segir að geitungarnir hafi verið seinni á ferðinni en áður, en bú þeirra fari nú stækkandi og fjölgandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Eldvörnum í sumar- búðum er ábótavant

Brunamálastjóri segir eldvörnum í sumar- búðum ábótavant. Ekki er um hættu gagnvart lífi og heilsu að ræða. Flóttaleiðir, viðvörunarkerfi og þjálfun starfsfólks er fullnægjandi. Allar sumar- búðir eru langt frá slökkvistöðvum.

ÖRYGGISMÁL „Við skoðuðum 21 byggingu í tíu sumar- búðum og komumst að því að ástandið er ekki nægilega gott. Þó er ekki um hættu gagnvart lífi og heilsu þeirra sem þarna dvelja að ræða. Það er alveg á hreinu að ef flóttaleiðir, viðvörunarkerfi og þjálfun starfsfólks væri ekki viðunandi þá fengju sumar- búðir ekki rekstrarleyfi,“ segir Björn Karlsson brunamálastjóri. Ástand eldvarna í sumar- búðum er almennt ekki gott, er niðurstaða stofnunarinnar eftir úttekt á eldvörnum sumar- búða árið 2006.

Björn segir að samkvæmt lögum eigi Brunamálastofnun að sjá til þess að byggingar séu þannig úr garði gerðar að ekki sé hættu gagnvart lífi og heilsu annars vegar og eignatjóni hins vegar. „Þessar athugasemdir okkar snúa að hættu á eignatjóni. Það er alveg ljóst að ef kemur upp eldur í svona gömlum sumar- búðum, sem eru klæddar að innan með timbri, þá verður mikið eignatjón. Slökkvilið er í öllum tilfellum langt frá og því erfitt að koma í veg fyrir að gömul timburhús eyðileggist í eldi.“

Í úttekt stofnunarinnar fengu níu af 21 byggingu í tíu sumar- búðum einkunnina slæmt. Einkunnina sæmilegt fengu tólf byggingar. Engin bygging fékk einkunnina ágætt eða framúrskarandi. Björn



VINDÁSHLIÐ Sumarbúðir KFUM og KFUK eru á fimm stöðum á landinu. Vindáshlið er sumar- búðir félagsins í Kjós. Í hverri viku dvelja þar 80 stúlkur. Myndin tengist fréttinni ekki sérstaklega.

segir óraunhæft að byggingar sumar- búða nái slíkri einkunn. „Til að ná ágætiseinkunn þyrfti líklega að byggja ný hús með nútíma byggingaraðferðum og byggingarefnum. Það er deginum ljósara að það er erfitt að bæta brunavarnir í gömlu timburhúsi.“

Gyða Karlsdóttir er framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi sem rekur fimm sumar- búðir. Þar

Harmleikur á brúðkaupsdag:

Brúður sló brúð- guma með skó

BRETLAND, AP Lögregla handtók skoska brúður og lét hana dúsa yfir helgi í fangaklefa fyrir að ráðast á brúðguma sinn með háhæluðum skó á brúðkaupsdegi þeirra í vor.

Konan var handtekin í hótélherbergi þeirra nýgiftu á meðan á brúðkaupsveislunni stóð á neðri hæðinni. Brúðguminn hafði náð að staulast niður í anddyri. Blóðugt handklæði huldi andlit hans.

Konan sagði lögreglunni að ásakanir hefðu gengið á víxl milli hjónanna, án þess að útskýra nánar. Hún sagðist hafa lamið manninn í sjálfsvörn. Lögmaður konunnar segir hana vera á þunglyndislyfjum og hafa drukkið í óhófi.

- sgi

EINKUNNAGJÖF BRUNAMÁLASTOFNUNAR*

Framúrskarandi: Brunavarnir eru í fullkomnu lagi og umfram kröfur í byggingareglugerð.

Ágætt: Brunavarnir standast kröfur reglugerðar.

Sæmilegt: Í lagi í aðalatriðum þótt sitthvað sé aðfinnsluvert.

Slæmt: Stenst ekki kröfur og þarfnast úrbóta þótt ekki sé um bráða hættu að ræða.

Óviðunandi: Bráð hætta og þarfnast tafarlausra úrbóta.

*Nær helmingur bygginga fékk einkunnina slæmt eða 43 prósent. Einkunnina sæmilegt fengu 12 byggingar eða 57 prósent. Engin bygging fékk einkunnina framúrskarandi eða ágætt en engin þótti heldur óviðunandi.

svavar@frettabladid.is

Munu á næstu vikum hafa umsjón með lokun helsta kjarnorkukljúfsins:

Sérfræðingar SP til N-Kóreu

VÍN, AP Kjarnorkueftirlit Sameinuðu þjóðanna ætlar að senda sérfræðinga til Norður-Kóreu til að hafa umsjón með lokun helsta kjarnorkukljúfs landsins, Yongbyon, segir Mohammed ElBaradei, forseti Alþjóðakjarnorkumála- stofnunarinnar.

ElBaradei segir að óvíst sé hvernær sérfræðingarnir muni fara til Norður-Kóreu, það velti á því hvernær stjórnvöld í landinu bjóði þeim að koma. Hann segist búast við því að það verði innan tveggja vikna og að ekki muni taka langan tíma að loka kljúfinum.



MOHAMED ELBARADEI Yfirmaður Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar segir að sérfræðingar frá kjarnorkueftirliti SP fari til N-Kóreu á næstu vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnvöld í Norður-Kóreu skrifuðu í febrúar undir afvopnunar- samning við Bandaríkin, Suður- Kóreu, Rússland, Kína og Japan

sem fól í sér að þau ættu að loka kljúfinum í skiptum fyrir marghátt- aða efnahagsaðstoð. Þau neituðu hins vegar að standa við samninginn vegna þess að Bandaríkja- stjórni frysti bankareikning þeirra í Macau vegna meints peningþvættis.

Sú deila leystist í síðustu viku og lofaði Norður-Kórea að standa við samninginn ef þeir fengju fyrstu tíu prósent af þeim 50 þúsund tonn- um af hráolíu sem þeir eiga að fá samkvæmt afvopnunar- samningnum. Áætlað er að olíusendingin berist til Norður-Kóreu seinni hluta vikunnar.

- ifv

Tvöfaldur
pottur **2**

220

milljónir

100+120

1. vinningur



Bónus-
vinningur
8
milljónir

Víkingalottó óskar eftir vinningshafa að tvöföldum potti upp á 100 milljónir.

Viðkomandi verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði: Kaupa miða.

Einnig er í boði ofurpottur upp á 120 milljónir og bónuspottur upp á 8 milljónir.

TÍVOLÍ-TÍVOLÍ
TÍVOLÍ-LÍ-LÍ

Ein
fjölskylda á
hverjum
laugardegi
í allt
sumar!

Fáðu þér miða fyrir kl. 16
í dag eða taktu séns á
að missa af þessu!

Ef þú kaupir 10 raða seðil í Lottó eða Víkingalottó fylgir aukamiði sem getur
fært þér og fjölskyldunni sólarhringsferð til Kaupmannahafnar.

V Í K I N G A
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30



- sgj

ingifreyr@frettabladid.is

Skyr.is-drykkurinn er fljótleg og holl næring fyrir þá sem vilja styrkja líkamann og lifa heilbrigðu lífi.



ÚTSALA

50%

Afsláttur af öllum vörum

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel


KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

útsalan

50% af öllum vörum

BOSS
HUGO BOSS

BOSS | KONUR | MENN
KRINGLUNNI 533 4242



F O K U S



BRENNÐUR Á BÁLI Indverskir hermenn fylgjast með bálför Chandras Shekhar, fyrrverandi forsætisráðherra Indlands, sem gerð var í Nýju-Delhi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Græna heimaþjónustan: Sinna gördum eldri borgara

FÉLAGSMÁL Mikil ánægja er meðal eldri borgara í Vesturbænum með grænu heimaþjónustuna, sem Vinnuskólinn hefur séð um í samstarfi við velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Græna heimaþjónustan er hliðstæð félagslegri heimaþjónustu og felst í því að unglingarnir sinna gördum öryrkja og eldri borgara sem félagsráðgjafar hafa tilgreint.

Það sem af er sumri hafa nemendur Vinnuskólans unnið í 550 gördum og ríkir mikil ánægja meðal eldri borgaranna með störfín.

- þeb



VINNUSKÓLINN Mikil ánægja er meðal öryrkja og eldri borgara með störf unglinganna í Vinnuskólanum.

Matvara dýrari nú en fyrir lækkun virðisaukaskatts og vörugjalda:

Verslanakeðjur hækka verð

VERSLUN Verð hefur hækkað í fimm verslanakeðjum landsins frá því í mars. Þetta eru niðurstöður víðamikilla verðmælinga á vegum Verðlagseftirlits ASÍ. Fylgst var með því hvernig lækkunar á virðisaukaskatti og vörugjöldum þann 1. mars skiluðu sér til neytenda.

Lækkun virðisaukaskatts og vörugjalda hefði átt að skila sér í lægra vöruverði á þessu tímabili.

Styrking íslensku krónunnar á þessu tímabili hefði einnig átt að hafa lækkandi áhrif.

Verð var mælt í verslunum Hagkaupa, Nóatúns, 10-11, 11-11 og Kjarvals. Meist hækkaði verðið í verslunum Hagkaupa, eða um 0,8



MATVARA HÆKKAR Við verðsamanburð er mat lagt á verðbreytingar innan hversrar verslanakeðju fyrir sig en ekki gerður verðsamanburður á milli keðja.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

prósent, en minnst í verslunum Nóatúns, eða um 0,1 prósent. Nokkur munur var á verðbreytingum milli einstakra vöruflokka, bæði innan verslana og ekki síður milli þeirra. Verðmælingarnar voru gerðar í verslunum um land allt og stóðu yfir í viku í senn, bæði í mars og í maí.

Samkvæmt mati Hagstofunnar átti lækkun á virðisaukaskatti og vörugjöldum að lækka verð á matar- og drykkjarvörum um 8,7 prósent á þessum tíma.

Í fréttatilkynningu frá ASÍ kemur fram að þessi niðurstaða valdi vonbrigðum og sé með öllu óásættanleg fyrir neytendur.

- þeb

Fæðingarorlof tekið í bútum

Karlar taka fæðingarorlof frekar í nokkrum hlutum á meðan konur taka frekar samfelld frí. Karlar eru áfram öruggari starfskraftar, er ein af stóru skýringunum á kynbundnum launamun segir sérfræðingur.

FÉLAGSMÁL Frítaka karla í fæðingarorlofi virðist mun sveigjanlegri en frítaka kvenna, og tekur mikill meirihluti karla fæðingarorlofið í nokkrum styttri fríum. Þrátt fyrir lög um fæðingarorlof virðast vinnuveitendur líta á karlmenn sem verðmætari starfsmenn, segir sviðsstjóri hjá Jafnréttisstofu.

Foreldrar eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi hvort, og skipta auk þess með sér réttinum á þriggja mánaða fríi til viðbótar. Reynsln hefur sýnt að yfirleitt taka konurnar megnið af þeim þremur mánuðum sem foreldrarnir hafa til skiptanna, en það er ekki eini stóri munurinn á nýtingu kynjanna á fæðingarorlofinu.

Mun algengara er að karlar skipti upp sínu fæðingarorlofi, á meðan konur taka yfirleitt samfleytt orlof, segir Leó Örn Þorleifsson, forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs. Hann segir dæmi um karlmann sem tekið hafi fæðingarorlof sitt í alls átján stuttum fríum.

„Ég held að það sé alveg skýrt að það sé ekki til þess að auka jafnrétti kynjanna að karlarnir geti gert þetta svona, tekið tvær vikur hér og svo kannski næstu tvær eftir hálf ár,“ segir Leó. Meiri pressa sé á konur að vera heima á meðan karlarnir geti frekar samið við vinnuveitendur.



FÆÐINGARORLOF Meiri pressa er á konum að vera heima með nýfæddum börnum á meðan karlarnir geta frekar samið við vinnuveitendur um nokkur styttri frí, segir forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Starfsmannastjórar nokkurra stórra fyrirtækja staðfestu þennan mun. „Það er miklu algengara að karlarnir skipti þessum þremur mánuðum, það er almenna reglan að þeir geri það,“ segir Atli Atlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Landsbankans.

„Munurinn er helst sá að konurnar taka orlofið strax eftir fæðingu og taka það samfelld. [...] Karlmenirnir nýta sér nánast undantekningarlaust sína þrjá mánuði, sem er mjög ánægjulegt, en eru hins vegar að dreifa því meira,“ segir Ragnhildur Ragnarsdóttir, forstöðumaður starfsmannahalds Tryggingamiðstöðvarinnar.

„Þetta bendir óneitanlega til þess að frítaka karlanna sé mun sveigjanlegri, og þá áreiðanlega að hluta til út frá þörfum þeirra vinnustaðar, þeir halda áfram að vera öruggari starfskraftar en konur,“ segir Ingólfur V. Gíslason, sviðsstjóri hjá Jafnréttisstofu. „Út frá jafnréttissjónarmiðum væri heppilegra að þeir tækju fæðingarorlofið með svipuðum hætti og konur.“

Ingólfur segir að þótt lög um fæðingarorlof hafi jafnað stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum verulega sé raunin samt sú að vinnuveitendur virðist líta á karlmenn sem verðmætari starfsmenn. Ein skýringin geti verið sú að þeir skipti gjarnan

Suðurlandsvegur:

Áhyggjur af vaxandi umferð

SAMGÖNGUR Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi segja akandi umferð á milli Selfoss og Reykjavíkur hafa aukist um 12,9 prósent á fyrstu 170 dögum ársins sem er að líða. „Ef sú aukning helst út árið má reikna með að um 9.300 bílar fari fram hjá Litlu kaffistofunni að meðaltali á sólarhring,“ segja samtökin, sem telja brýnt í þessu ljósi að Suðurlandsvegur verði tvöfaldaður.

Vegagerðin vill ekki staðfesta þessar tölur um aukna umferð. Samkvæmt nýjustu tölum Vegagerðarinnar hafi umferðaraukningin á þessari leið verið 8 prósent milli 2005 og 2006.

- gar

fæðingarorlofinu niður og geti því haldið áfram að vera ómissandi.

„Ég myndi helst vilja sjá að staðan væri sem jöfnust. Við höfum séð það í könnunum bæði hérlendis og erlendis að þessi staða kvenna er ein af stóru skýringunum á kynbundnum launamun,“ segir Ingólfur.

Ein leið sem gæti bætt ástandið væri að lengja fæðingarorlofið, segir Ingólfur. Ef foreldrar nái að hafa samfleytt fæðingarorlof frá fæðingu þar til barn fari á leikskóla sé líklegra að báðir foreldrar taki samfleytt frí til skiptis. Önnur leið sem geti jafnað stöðuna eitthvað væri að lengja þann lágmarkstíma sem taka má í einu af fæðingarorlofi, sem er tvær vikur í dag.

brjann@frettabladid.is

MEÐALDAGAFJÖLDI FOR-ELDRA Í FÆÐINGARORLOFI

Fæðingarár barns	Konur	Karlar
2005	181	95
2004	182	96
2003	183	95
2002	187	67
2001	186	39

HEIMILD: Staðtölur Tryggingastofnunar ríkisins. Árið 2001 höfðu karlar rétt á einum mánuði, árið 2002 tveimur og frá og með 2003 var sjálfstæður réttur fedra til fæðingarorlofs þrír mánuðir.

Hentugt við grillið einnota borðbúnaður á tilboðsverði

Á tilboði í júlí 2007
Plasthnífapör, pappadiskar og plastglös

Snaebjörn Árnason,
sölumaður hjá RV

238 kr.

30/35cl, PET
50stk (25ík)

217 kr.

25/30cl, PET
50stk (25ík)

217 kr.

20cl rauðvín
10stk (25ík)

157 kr.

17cl á fæti
10stk (45ík)

296 kr.

Pappadiskar 23cm,
50stk (20ík)

177 kr.

Plasthnífar 100stk (10ík)
Plastgafflar 100stk (10ík)

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Tilboðið gildir út júlí 2007
eða meðan birgðir endast.

25 ára Rekstrarvörur
1982–2007



UMHVERFISKLERKUR Séra Billy heillaði mótmælendur með mælsku sinni og ástríðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fimmtíu mótmælendur lokuðu inngangi í Kringlunni:

Séra Billy predikaði gegn stóriðju og neyslu

MÓTMÆLI Um 50 mótmælendur úr hópnum Saving Iceland með séra Billy í broddi fylkingar hópuðust saman í Kringlunni í gær, vörnuðu fólki inn- og útgöngu og mótmæltu stóriðju og neyslumenningu Íslendinga. Mótmælin hófust um hádegi og gengu mótmælendur um ganga Kringlunnar, börðu í trommur og hrópuðu „Farðu heim, Alcoa, farðu heim, Alcan.“

Lögregla var kölluð á staðinn og fylgdist með að ekki syði upp úr. Öryggisverðir vísuðu fólkinu út og stugguðu þeir við þeim sem ekki vildu víkja. Mótmælendur hófu þá að varna fólki inn- og útgöngu við norðurinngang efri hæðar og settu innkaupakerru fyrir dyrnar.

Í kjölfarið lokuðu öryggisverðirnir dyrunum og þar með mótmælendurnar úti. Þeir stóðu fyrir utan í dágóða stund, hrópuðu slagorð, sungu og hlustuðu á predikun frá séra Billy.

„Þið þurfið að dvelja þarna inni þar til þið hafið kynnt ykkur fjölbjóðlegu stórfyrirtækin sem eru að gleypa Ísland,“ hrópaði séra Billy, sem fer fyrir „Kirkju neyslustöðvunar“ í Bandaríkjunum. „Ál hefur ekki sál,“ hrópaði hann að lokum á enskri tungu.

„Við höfum engan sérstakan áhuga á að hýsa mótmæli,“ segir Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar.

- sgj

Aftaka embættismanns:
Tekinn af lífi fyrir mútur

KÍNA, AP Fyrrverandi yfirmaður matvæla- og lyfjastofnunar Kína var tekinn af lífi í gær. Talskona stofnunarinnar staðfesti fregnir af aftökunni á blaðamannafundi sem haldinn var til að undirstrika viðleitni til að bæta orðstír Kína varðandi öryggi matvæla og lyfja. Zheng Xiaoyu var dæmdur til dauða fyrir að hafa þegið mútur fyrir að samþykka lyf sem olli síðar að minnsta kosti tíu dauðsföllum. Refsing Zhengs þykir óvenjulega þung, jafnvel í Kína þar sem talið er að aftökur í kjölfar dauðarefsinga séu fleiri en í öllum öðrum ríkjum heims samanlagt. - sdg



GOLDFINGER Manninum var vísað út af staðnum vegna ölvunarláta. Hann handarbraut þá einn dyravörðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Dæmdur á skilorð í mánuð:
Sparkaði í dyra-
vörð á súlustað

DÓMSMÁL Maður um fertugt hefur verið dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa sparkað í dyravörð súlustaðarins Goldfinger í Kópavogi í maí í fyrra svo hann handarbrotnaði. Maðurinn var afar ölvaður umrætt kvöld og hafði verið með ólæti inni á súlustaðnum. Annar dyravörður hafði vísað manninum út af staðnum og lent í átökum við hann fyrir utan. Þegar annar dyravörð bar að til aðstoðar sparkaði maðurinn í hann. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða dyraverðinum um 150 þúsund krónur í miskabætur. - sh

Álver Alcoa Fjarðaáls:
Prófun á tækni-
búnaði olli rafmagnsleysi

STÓRIÐJA Verið var að prófa tæknibúnað sem tengist háspennuvirki í álveri Alcoa Fjarðaáls og olli það rafmagnsleysinu í kerskála á mánudag. Fram kemur í fréttatilkynningu fyrirtækisins að byggingu álversins er ekki lokið og að tækjaprófun ýmiss konar sé hluti byggingaferlisins. Sérfræðingar rannsaka nú nákvæmlega hvað gerðist og hvernig unnt er að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. Fyrirtækið varð ekki fyrir tjóni í rafmagnsleysinu og kemur fram að því þygi afar leitt að fólk og fyrirtæki á Austurlandi hafi orðið fyrir óþægindum. - þeb

PINGVELLIR

Enn varað við skemmdum Ökuhraði á Þingvallavegi við Grafningsvegamót hefur verið takmarkaður við 50 kílómetra á klukkustund. Miklar skemmdir eru enn á klæðningu á þessum vegarkafli og biður Vega-gerðin ökumenn um að fara varlega.

SUÐURLAND

Jarðboranir fá risabor Stærsta jarðbor sem notaður hefur verið hér á landi var skipað upp í Hafnarfirði í gær. Jarðboranir hf. keyptu borinn á Ítalíu en honum er ætlað að bora niður á háhitasvæði á Hellisheiði og afla Orkuveitu Reykjavíkur orku.

Fjölsmiðja fyrir ungt fólk sem hefur flosnað upp úr námi eða vinnu:

Aðstoð fyrir ungt fólk á krossgötum

MENNTUN Ákveðið hefur verið að setja á fót Fjölsmiðju á Akureyri. Byggt verður á reynslu Fjölsmiðjunnar í Kópavogi sem starfað hefur frá árinu 2001. Fjölsmiðja er atvinnutengt úrræði fyrir ungt fólk á krossgötum sem hefur flosnað upp úr námi eða vinnu. Ungmennum er hjálpað við að finna sér stað í lífinu og byggja sig upp fyrir framtíðina. Í Fjölsmiðjunni er verkþátturinn virkjaður svo að unga fólkið öðlist reynslu og verði hæfara til að finna sér starfsgrein eða að fara í frekara nám. Starfsemi hennar felst einkum í framleiðslu vara, faglegri verkþjálfun og ýmiss konar þjónustu. Fjölsmiðjunni á Akureyri er ætlað að aðstoða ungt fólk á Eyjafjarðarsvæðinu sem ekki hefur náð að fóta sig á vinnumarkaði við að finna sér nýjan farveg í lífinu. Þessir einstaklingar sem



FJÖLSMIÐJAN Í KÓPAVOGI Hefur gengið vel og verður fyrirmynd Fjölsmiðju sem sett verður upp á Akureyri. eru á aldrinum 16 til 24 ára eru atvinnulausir vegna reynsluleysis, menntunarskorts, félagslegra og/eða andlegra vandamála. Gert er ráð fyrir að tólf til fimmtán manns verði hjá Fjölsmiðjunni á Akureyri og að starfsemin geti hafist í september. - pal

SIMPLY CLEVER



Fjölskylduskemmtun árið um kring í boði Skoda

FÁÐU ÁRSMÍÐA FYRIR FJÖLSKYLDUNA Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN

HYITA HÚSD/SIA - 7480



SkodaOctavia

Skoda Octavia er þekktur fyrir að vera áreiðanlegur og eyðslugrannur. Nú bjóðum við með í kaupum á nýjum Skoda Octavía kort fyrir alla fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í heilt ár.

Skoda Octavia með 1,9 lítra **TDI**® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni geta farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Skoda Octavia – skemmtilegur fjölskyldumeðlimur

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN



INGVAR HELGASON KYNNIR NÝJAN OPEL





HANN HEITIR ANTARA
ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA HANN



JONSSON & LEMACKS • JÚLÍ • SÍA

SJÁLFSKIPTUR JEPPLINGUR MEÐ DÍSILVÉL.

Öflug dísilvél Antara gerir hann einkar hentugan á ferðalagi með felli- eða hjólhýsi í togi.
Komdu í Ingvar Helgason og kynntu þér ANTARA sem hlaðinn er aukabúnaði á verði sem vekur athygli.



Orkufyrirtækin:

Róttæk hugsun

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Eftirspil sölu ríkisins á hlut í Hitaveitu Suðurnesja hefur opnað áhugaverða umræðu. Annars vegar hefur verið á það bent að brýnast sé að verja almannahagsmuni að því er varðar öflun og dreifingu á rafmagni og hita. Staðhæft er að opinber rekstur tryggi bæði þjónustu-öryggi og lægsta mögulega verð.

Hins vegar er vakin athygli á að virkja þurfi þá þekkingu sem orðið hefur til á þessu sviði og láta hana skapa auknar útflutningstekjur. Til að ná árangri í þeim efnum sé eðlilegast að gefa einkafyrirtækjum kost á að leggja fram áhættufé í stað skattborgaranna og sýna hvers þau eru megnug.

Bæði þessi sjónarmið eru góðra gjalda verð. En eru þau samrýmanleg? Ekki að óbreyttu skipulagi. Má ná þessum markmiðum með breyttu skipulagi? Hugsanlega.

Landsvirkjun er nú alfarið í eigu ríkisins. En öll þrjú stærstu orkufyrirtækin eru stofnuð með sérstökum lögum. Bæði Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja eru þannig séð á ábyrgð ríkisins. Fyrirtækin eiga það hins vegar öll sammerkt að hafa verið slitin frá almennum reglum um stjórnáðgangssæi. Reyndar ber þeim að lögum að starfa eins og markaðsfyrirtæki.

Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja eru hrein einokunarfyrirtæki á sviði húshitunar hjá miklum meirihluta landsmanna. Vel hefur verið séð fyrir hagsmunum almennings varðandi öryggi þjónustunnar. Sama verður ekki sagt um verðlagninguna. Hún er okur. Með jákvæðu hugarfari má þó segja að hún sé óbein eða dulbúin skattheimta. Einmitt sú staðreynd gerir einkavæðingu einokunarhluta þessarar starfsemi vafnngasama.

Einokunaraðstaða Orkuveitunnar og Hitaveitunnar skekkir aukheldur í grundvallaratriðum samkeppnismarkað um orkusölu til stóriðju og útrásarstarfsemi. Góðu heilli hefur Landsvirkjun ekki sambærilega stöðu. En þessi mismunur á svo stórum og þýðingarmiklum mörkuðum er óverjandi.

Opinberu orkufyrirtækin eru öll í misríkum mæli með áform um fjárfestingar erlendis. Einokunaraðstaðan er grundvöllur þeirrar starfsemi. Í stað þess að láta einkaaðila alfarið leggja fram áhættufjármagn eru þjónustuhagsmunir almennings settir þar að veði. Enginn eðlismunur er á þessu og hinu að nota skattpeninga beint í þessu skyni.

Lagaákvæði um bókhaldslega aðgreiningu einokunarstarfseminnar hefur enga raunverulega þýðingu. Eðlilegt er því að ríkið mæli fyrir um að einokunarþjónustan verði klofin frá annarri starfsemi. Fyrirtækin verði með öðrum orðum brotin upp. Það er forsenda eðlilegra viðskiptahátta og í betra samræmi við almennar reglur um meðferð skattpeninga.

Samhliða má greina orkuréttindin frá framleiðslunni. Ríkið og sveitarfélögin gætu átt orkuréttindin áfram. Um leið yrðu opnaðir möguleikar á einkavæðingu þar sem hún á við.

Með samningum um leigu eða sölu á orku gætu ríkið og sveitarfélögin tryggt almannahagsmuni. Sveitarfélögin myndu áfram annast einokunarrekstur þjónustunnar. Einkafyrirtæki gætu glímt við orkuframleiðslu til stóriðju og nýrra viðfangsefna með eigin áhættufé. Umræðan hefur alltént sýnt að þörf er á róttækri hugsun og breytingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



5 kr. afsláttur þegar þú átt afmæli!

Þeir sem eru með dæluylkil Atlantsolíu fá 5 krónu afslátt af lítraverði þegar þeir kaupa eldsneyti á afmælisdaginn sinn.



AO

ATLANTSOLÍA

Sími 591 3100 - www.atlantsolia.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þá var bleik brugðið!

11 ára reynsla á Íslandi. **Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðapjónusta

HVALALÍF



Sjóstangveiði - Andrea
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar.www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

Gisting

Orlofshús á Akureyri
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 90.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

Orlofsíbúð á Akureyri
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

Útilegubúnaður

Til sölu Comanche '02 5 manna tjald-vagn m.stóru fortjaldi. Verð 330.000. Upplýsingar í s. 696 2853.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigusali auglýstu frítt

Leigjandi leitaðu frítt

Leiga.is býður ✓ Leiguráðgjöf ✓ Mat á leigjendum ✓ Gerð leigusamninga og trygginga

 Leiga.is Löggilt leigumáður

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á www.leigu-listinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rúmgóð 2-3 herb. íbúð í 112 til leigu á 115 þús. mån. með hita og húsjóði. Stutt í alla þjónustu og skóla. Bankaábyrgð og meðmæli óskast. Laus strax. Uppl. í s. 868 7515.

Til leigu nú þegar herb. í neðra Breiðholti. Leigist til 1 sept. Uppl. í s. 867 8515.

Lítil 55 fm., íbúð til leigu á Álftanesi. Laus 1 ágúst. Langtímaleiga. Sími 699 7887.

Til leigu 113 fm. skrifstofuhúsnæði á efri hæð á Fiskislóð (101), húsið er nýlega tekið í gegn, steinteppi á gólfi, stórir gluggar, opið og bjart rými. Uppl. í s. 840 2100.

Húsnæði óskast

Námsmenn leita að leiguhúsnæði á Akureyri
Tveir nemar í lögræði við Háskólann á Akureyri óska eftir íbúð til leigu í vetur og jafnvel lengur ef áhugi er fyrir því. Erum báðir reyklausir og ekki með gæladýr. Upplýsingar gefur Örlygur Hnefill Örlygsson í síma 862-1818.

Bílskúr m/salerni óskast til kaups. Uppl. í s. 892 0222.

Húsnæði til sölu



Siglufjörður
Til sölu 136 fm. íbúð (hæð og ris) á Hólavegur 36. Siglufirði. Uppl. í s. 848 6912.

Atvinnuhúsnæði

Óuppsett Hestarætkunarstöð til leigu. 51 km frá Rvk. 850 m2 inni æfingasalur. 430 m2 hesthús. 3.500 m2 útigerði. Góð starfsm.aðstaða. Stærð 1.706 m2. S: 661 6800.

Óuppsett Bruggshús til leigu. 51 km frá Rvk. 850 m2 bruggsalur. 430 m2 átöppun og lager. Góð starfsm. aðstaða. Stærð 1.706 m2. S: 661 6800.

Geymsluhúsnæði

Geymslu-gámar

Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.

 HAFNARBAKKI

Salubúðir og vörubúðir Sími: 543 3733 www.hafnarbakki.is

Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnað-armenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plum-mers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area.

- Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873

EINN MEÐ ÖLLU



www.rs.is

Quicksilver Pilothouse 500 er tilvalinn í dorgið, eða á svartfugl. Frábært verð, aðeins 2.200.000 kr. með 75 ha Mercury Optimax utanborðsmótor og Garmin GPSmap 420s GPS og dýptarmæli.

 R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000



AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi
Verkamenn, pípara, múrara, flísamenn, kranamenn, gröfu-menn, járnbindingarmenn, steypusmiði, trésmiði, suðu-menn ofl. Allir hafa þeir hæfni á sínu sviði og auðveldir í sam-skiptum.
Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

Vörumeðhöndlun og merkingar
Hýsing -vöruhótel óskar eftir starfskrafti í meðhöndlun á sérvöru. Um er að ræða fram-tíðarstarf í talningu, flokkun, merkingu og meðhöndlun á fatnaði, skóm, leikföngum og búsáhöldum. Vinnutími er frá 8 - 16:30. Með bónuskerfi geta starfsmenn náð allt að 20% launahækkun á mánuði. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofutíma, að Skútuvogi 9.

Borgargrill
Óskar eftir fólki í vinnu. Mikil vinna fyrir duglega einstaklinga. Kvöld og helgarvinna. Íslensku-kunnátta og 18 ára aldurstak-mark.
Upplýsingar í síma 695 6869, Viðir, Borgargrill við Miklubraut.

Jarðkraftur ehf Meiraprófsbílstjórar
Óskum eftir að ráða bílstjóra á gámabil og vörubil. Einnig óskum við eftir liðlegum véla-manni á beltavél og hjólavél. **Uppl. í s. 892 7673, Karel og 868 4043 Þórarinn.**

Óskum eftir að ráða vana gröfumenn á nýja hjólagrófu og beltagrófu. Uppl. í s. 893 2000.

Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára
Óskar eftir bílstjórum í kvöld & helgarvinnu. **Uppl. í s. 822 8835 eða á www. nings.is**

Næturræstingar
Ræstingapjónustan sf óskar eftir starfsfólki í fullt starf við næturræstingar í verslunarhús-næði.
Nánari upplýsingar á skrif-stofutíma hjá Guðfinnu í síma 821 5054.

SMÁAUGLÝSINGAR

Útkeyrsla

Ræstingabjónustan sf óskar eftir starfsmanni í hálfvart starf fyrir hádegi við útkeyrslu og tilfallandi lagerstörf. Nánari upplýsingar á skrifstofutíma hjá Guðfinnu í síma 821 5054.

Afleysingar

Ræstingabjónustan sf óskar eftir starfsmanni í afleysingar í kvöldræstingu. Um framtíðarstörf er að ræða. Nánari upplýsingar á skrifstofutíma hjá Guðfinnu í síma 821 5054.

Cafe Bleu.

Óskum eftir að ráða vana manneskju í eldhús. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Krínglunni. S. 588 0300.

Bílstjóri óskast.

Óskum eftir bílstjóra með meirapróf frá aldrinum 25-45 ára, æskilegt að vera með ADR réttindi, en ekki skilyrði. Þarf að vera líkamlega og andlega hraustur. Góð laun í boði fyrir réttan starfsmann. Upplýsingar í síma 898 9006.

Eldhús - Eldhús

Matsölustaðurinn Hjá Dóra í Mjódd óskar eftir að ráða röskan og samviskusaman einstakling sem aðstoðarmann í eldhúsi. Við undirbúning og afgreiðslu á heitum mat. Frekari uppl. á staðnum eða í síma 557 3910 & 567 5318.

Kaffi Roma á Rauðarárstíg óskar eftir starfsmanni frá 1. ágúst. Fullt- og hluta- starf í boði. Uppl. í s. 866 0576 eða á staðnum.

Okkur vantar málara í vinnu eða menn vana málningarvinnu. Lítalínar ehf S. 898 9591 & 896 5445.

Rizzo Pizzeria auglýsir eftir starfskröftum í afgreiðslu og símsvörum. Nánari uppl. gefur Diddi í s. 840 6670.

Freyja ehf. leitar að röskum, heiðarlegum og stundvísu starfsmanni í áfyllingar á nammibörum. Framtíðarstarf Sími 540 4500 milli kl. 8-16.

Óska eftir manni í inni málningarvinnu, næg vinna framundan. Uppl. í s. 896 5613.

Dekkja og smurverkstæði

Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbardaverkstæði Bilkó. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

Annan Stýrimann og matsveinn vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnotabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 853 2999 & 845 3480.

Bónstöð Jobba

Óskum eftir rösku starfsfólki til starfa sem fyrst. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 568 0230 & 898 7930.

Car wax station in Reykjavík needs workers to clean new and used cars. It is preferable that applicants speak english and they need to have a drivers license. Time of work is 9:00 - 17:30 Monday - Friday. For further information call 568 0230 or 898 7930.

Au-Pair óskast til 5 manna ísl. fjsk. á Tenerife frá 15 ágú. Umsóknir sendist á jonadis@hotmail.com fyrir 17.júlí

Maður óskast í málingavinnu, Menn og málning ehf. Uppl. í s. 697 4008.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf : Smíði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.

SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífins. Erum einungis með taglert fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000.- m/vsk

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING


Sími 534 8886 - Fax 534 8887 Stangarhryllur 7 - 110 Reykjavík

Starfsfólk frá Lettlandi: smidur, verkamenn, pípuþagningamenn, ræstingafólk o.fl. S. 845 7158.

Ég er pólskur verkamaður með fullkominn málsuðu réttindi og vantar atvinnu. Hef unnið hér á landi um langt skeið við allskyns vinnu, en þó mest við byggingavinnu. Er tilbúinn að skoða alla atvinnumöguleika, hvar sem er á landinu, ekki síst á Árborgarsvæðinu. Launakrafa mín eru 1.200 Kr á tímann. Er harðduglegur til vinnu og góður í mannlegum samskiptum. Uppl. í símunum. 555 4633 og 893 1442

TILKYNNINGAR

Tilkynningar



Einkamál

18plús.is.

XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Celebrity.is

Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.



Uppsteypa

Vel útbúinn verktaki með kerfismót og krana getur bætt við sig verkefnum.

Áhugasamir sendi á netfang minitak@simnet.is.

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:00 - 18:00
17 JÚNÍTORG / SJÁLANDAkkurat
FASTEIGNASALA

STÓRHÖFÐA 27

Sími 594 5000

Halla Unnur Helgadóttir
löggiltur fasteignasali.

Glæsilegar vandaðar eignir fyrir 50 ára og eldri. Fullbúin sýningaríbúð í húsi nr. 3 4.hæð íbúð 0407

Sölufulltrúar Akkurat taka á móti ykkur
Þórarinn 849-1798 og Ásdís 898-3474

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

FASTEIGNASALAN 570 4800

GIMLI

Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali

Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

OPIÐ HÚS
KAMBASELI 53 - 109 RVÍK.

KAMBASEL 53
109 REYKJAVÍK
3JA HERB. 119 FM ÍBÚÐ
Á 1. HÆÐ MEÐ BÍLSKÚR

Falleg 93 fm 3ja herb. íbúð auk 26 fm sérstæðs bílskúrs (samalt 119 fm) í fallegu fjölbýli. Tvö stór svefnherbergi með skápum. Stór og björt stofa/ borstofa með útg. á suð-vestursvalir. Parket, flísar og dúkur á gólfum. Stórt þvottahús innaf eldhúsi. Bílskúr er fullbúinn með mikilli lofthæð. ÍBÚÐIN ER LAUS FLJÓTT. VERÐ 23,9 millj.

Þórhildur og Níels sýna íbúðina í dag
miðvikudag frá kl 19:00 - 20:00

Auglýsing um skipulag
- BlönduósbærTillaga að breytingu á Aðalskipulagi
Blönduóss 1993-2013
Íbúðarsvæði við Mýrarbraut

Bæjarstjórn Blönduósbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, samkvæmt 2.mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagssvæðið er á mótum Mýrarbrautar og Þverbrautar á Blönduósi. Breytingin felst í nýrri skilgreiningu á landnotkun svæðisins sem tekur til tveggja lóða, Mýrarbrautar 15-17, og leiksvæðis við þá lóð. Lagt er til að svæðið verði skilgreint sem íbúðarsvæði.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar að Hnjúkabyggð 33 frá og með mánudeginum 9.júlí til mánudagsins 30.júlí 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna, eigi síðar en 30.júlí 2007. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags-, byggingar- og veitunefndar á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests telst samþykkur henni.

Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri.

Auglýsing um skipulag
- BlönduósbærTillaga að breytingu á Aðalskipulagi
Blönduóss 1993-2013
Miðsvæði við Hnjúkabyggð

Bæjarstjórn Blönduósbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, samkvæmt 2.mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997.

Skipulagssvæðið tekur til lóða Hnjúkabyggðar 29-31 og er staðsett á Blöndubakkanum sunnan megin ár. Breytingin felst í nýrri skilgreiningu á landnotkunarflokki þessara lóða, verði Miðsvæði í stað Núverandi og fyrirhugaðra svæða fyrir stofnanir/verslun/léttan iðnað.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar að Hnjúkabyggð 33 frá og með mánudeginum 9.júlí til mánudagsins 30.júlí 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna, eigi síðar en 30.júlí 2007. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags-, byggingar- og veitunefndar á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests telst samþykkur henni.

Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri.



STARFSFÓLK ÓSKAST

Plastprent hf. leitar að áhugasömum einstaklingi í hönnunardeild fyrirtækisins, til að takast á við spennandi verkefni á sviði flexoprentunar.

PRENTSMIÐUR

Óskast til starfa sem fyrst.
Viðkomandi þarf að hafa kunnáttu á forritum sem notuð eru í prentiðnaði.
(FreeHand Illustrator og Photoshop)
Áhugasamir sendi inn umsókn á aeg@plastprent.is
eða hafið samband við Ævar í síma 891 8253

Plastprent hf.
Fosshálsi 17-25 • Sími 580 5600



Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í umbúðaiðnaði á Íslandi og hefur í 50 ár þjónað öllum sviðum atvinnulífsins. Hjá fyrirtækinu starfa 120 starfsmenn sem þjóna viðskiptavinum bæði innanlands og erlendis. Plastprent hf. hefur vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9002 og BRC stöðlum. Plastprent er einnig með starfsemi erlendis þar sem starfa um 250 starfsmenn.



Hrafnista Reykjavík
Umönnun

Starfsfólk óskast í aðhlyningu á morgun-kvöld og helgarvaktir.
Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Upplýsingar gefur Magnea í 585-9529. Netfang magnea@hrafnista.is



Holtt & Gott ehf.
óskar eftir að ráða
bílstjóra og lagermann

Uppl. veitir Guðmundur í s. 843 5107

N1

VERSLUNARSTJÓRI Á AKRANESI

N1 óskar eftir að ráða verslunarstjóra í nýja glæsilega verslun félagsins á Akranesi. Megináhersla verslunarinnar er m.a. á bílavörur, mótorhjól og fylgihluti þeirra, verkfæri og olíuvörur.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur stöðvarinnar
- Verkstjórn og eftirlit
- Starfsmannamál
- Önnur tilfallandi störf í versluninni

Hæfniskröfur:

- Reynsla og þekking á verslun og þjónustu
- Þekking á ofangreindum vörutegundum
- Samskiptafærni
- Þjónustulipurð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Kristjánsson, deildarstjóri verslunardeildar í síma **440 1041**. Vinsamlegast sakið um starfið á www.n1.is fyrir **23. júlí**.

Þjónustustöðvar



Verslanir

Fyrirtækjapjónusta



Bílapjónusta

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

Auglýsingasími

512
50
50



- Mest lesið

Kurteist og þjónustulundað starfsfólk óskast til að taka á móti áskriftarpöntunum í síma frá 20. júlí til 20. ágúst.

Dag-, kvöld- og helgarvinna í boði fyrir rétta fólkið.

Tekið er á móti umsóknum með upplýsingum um nafn, síma og fyrri störf í netfanginu starfsumsokn@365.is

Fjölvarp *SYN SYN2*

365

AUKAVINNA FRÁ
20. JÚLÍ - 20. ÁGÚST

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Esther Þórðardóttir

andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, föstudaginn 6. júlí. Hún verður jarðsungin frá Neskirkju, mánudaginn 16. júlí kl. 15.00.

Hrafn U. Björnsson

Heba Helgadóttir

Arnar Hrafnsson

Próstur Hrafnsson

Stefnir Húni Kristjánsson

Dagur Fróði Kristjánsson

Franklín Máni Arnarson.

Guðrún Biering

Kristján Ívar Ólafsson

Dagný Laxdal

GIORGIO ARMANI FÆDDIST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1935

„Í rauninni er ég mjög ánægður með að fólk geti keypt Armani-vörur – jafnvel þótt þær séu ekki ekta. Mér líkar sú staðreynd að ég sé svona vinsæll úti um allan heim.“



Giorgio Armani er einn þekktasti og vinsælasti tískuhönnuður heims.

BETTA GERÐIST: 11. JÚLÍ ÁRIÐ 1972

Einvígið hófst á Íslandi

Á þessum degi árið 1972 hófst hið fræga skákeinvígi milli Bobby Fisher og Boris Spasskí þegar þeir kepptu um heimsmeistaratítilinn í skák í Reykjavík. Einvígið stóð yfir til 1. september sama ár.

Eftir að hafa tapað fyrstu tveimur leikjunum kvartaði Fisher undan slæmum aðstæðum og fór fram á að teflt yrði á bak við luktur dyr án myndavéla.

Að lokum hafði Fisher sigur á Spasskí með 12,5 vinningum gegn 8,5 og varð ellefti heimsmeistarinn í skák.

Eftir einvígið varð Fisher frægur um allan heim en tefldi ekki aftur opinberlega fyrr en tuttugu



EINVÍGI Spasskí og Fisher mættust á nýjan leik í einvígi árið 1992 og sigraði Fisher aftur og krafðist heimsmeistaratitils.

árum síðar þegar hann bar sigur orð á Spasskí að nýju og krafðist heimsmeistaratitils þrátt fyrir að Gary Kasparov væri þá heimsmeistari.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Elskuleg móðir mín, systir okkar og mágkona,

Hrönn Árnadóttir

Víðihlið, Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 2. júlí. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju í dag miðvikudaginn 11. júlí kl. 13.00.

Þorgeir Jón Júlíusson

Grétar Árnason

Þráinn Árnason

Petrína Bára Árnadóttir

Elinóra Ágústa Conway

Arnþrúður Berglind Árnadóttir

Þórdís Herbertsdóttir

Guðrún Jónsdóttir

Örn Randrup

Chase Conway

Óskar Bjarni Ingason



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Vilhelmina S. Böðvarsdóttir

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Ragnhildur Ingólfsdóttir

Ingólfur Ingólfsson

Ásdís Ingólfsdóttir

Bergþóra Ingólfsdóttir

Stefán Ingólfsson

barnabörn og barnabarnabörn

Peter Walter Petersen

Ragnheiður Björg Björnsdóttir

Haraldur Jónsson

Benedikt Ólafsson



HEIMA Á AFMÆLISDAGINN Anna er ánægð með að vera í faðmi fjölskyldunnar á afmælisdaginn en hún heldur til Bandaríkjanna eftir viku.

ANNA SIGRÍÐUR ÞORVALDSDÓTTIR: ÞRÍTUG Í DAG

Óhrædd við fertugsaldurinn

Anna S. Þorvaldsdóttir tónskáld fagnar þrítugsafmæli sínu í dag. Hún hefur verið við nám í Bandaríkjunum undanfarið ár en er stödd hér heima á afmælisdaginn. „Ég bara veit ekki alveg hvað ég ætla að gera í tilefni dagsins,“ segir Anna og hlær. „Það er búið að vera svo brjálað að gera undanfarið. Ég er búin að vinna rosalega mikið auk þess sem ég er nýkomin heim frá Bandaríkjunum og skrapp svo til Englands líka. Ætli ég taki daginn ekki bara rólega og fari kannski út að borða með fjölskyldunni minni í kvöld. Upphaflega ætlaði

ég nú að hafa eitthvert boð en tíminn hefur bara liðið svo hratt að það er allt í einu komið að þessu,“ bætir hún við.

„Ég hef hlakkað ofboðslega mikið til að verða þrítug og farið yfir það í huganum í vetur hvort það væri eitthvað sem ég hefði ætlað að klára fyrir þrítugsafmælið en ég held að ég sé bara búin að flestu sem ég ætlaði að gera fyrir þrítugt. Ég er ekkert hrædd við þetta og líður bara vel,“ segir Anna.

Anna Sigríður er í doktorsnámi í tónsmíðum við University of California í San Diego og segir dvölina þar síðasta

árið hafa verið alveg yndislega. „Þetta er dásamlegt umhverfi, góður skóli og gott tónlistarfólk þannig að lífið er bara afskaplega ljúft.“

Anna verður hér á landi í viku í viðbót áður en hún heldur aftur til Kaliforníu þar sem hún ætlar að njóta sumarsins. „Ég er að skrifa svo mikið í sumar, bæði fyrir fólk hér heima og úti, þannig að ég mun afgreiða pantanirnar eina af annarri í sumarfríinu,“ segir Anna sem er þó hæstánægð með að vera heima í faðmi fjölskyldunnar á afmælisdaginn.

sigrðurh@frettabladid.is



Ástkær dóttir okkar og systir,

Sesselja Hrönn

Guðmundsdóttir

iðnhönnuður, Frostaskjólí 39, Reykjavík,

lést mánudaginn 9. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

Foreldrar og systkini.



Okkar hjartans þakkir færum við öllum þeim sem veittu okkur ómetanlegan stuðning við andlát eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Ástríðar Guðmundsdóttur

frá Seljabrekku, Seilugranda 3,

sem lést aðfaranótt sunnudagsins 10. júní og var jarðsungin frá Seljakirkju laugardaginn 23. júní. Sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun færum við Sigurði Björnssyni lækni og öllu starfsfólki á deildum 11-B og 11-E Landspítalans og síðast en ekki síst öllu því frábæra starfsfólki líknardeildar Landspítala á Landakoti. Guð blessi ykkur öll,

Stefán Eiríksson

Guðmundur Már Stefánsson

Stefán Hrafn Stefánsson

Helga Björk Stefánsdóttir

Ásta Hrönn Stefánsdóttir

Hrefna Stefánsdóttir

og barnabörn.

Auður Margrét Möller

Ása Hrönn Kolbeinsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,

Svavar Jónsson

húsasmíðameistari, Flétturima 36, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 8. júlí.

Guðný Eiríksdóttir

Hrefna Katrín Svavarsdóttir

Óskar Svavarsson

Reynir Svavarsson

Heiðís Rós Svavarsdóttir

Hrefna Líneik Jónsdóttir

og barnabörn.

Baldvin S. Ingimarsson

María Kristín Þrastardóttir

Sigrún Anna Snorraddóttir

Birgir Karl Ragnarsson

Fallegir legsteinar
á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfjarði

Sími: 565-2566

www.englasteinar.is



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



lokað í dag
Útsalan
hefst kl 07:00
í fyrramálið

Útsala

40%
afsláttur af
öllum vörum

NEXT

sími 511 3200



Himinn og haf / SÍA

Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthúsins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og óflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.



— ódýrari valkostur

STUÐ MILLI STRÍÐA Hin yndislega öldrun

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR ELDIST HRATT.



Foreldrar mínir áttu brúðkaupsafmæli í gær. Til hamingju pabbi og mamma. Þau eru búin að vera gift í þrjátíu og tvö ár. Þrjátíu og tvö ár sagði ég. Mamma var bara tuttugu og eins árs þegar hún giftist pabba sem hlýtur bara að vera brot á einhverjum lögum. Hvað var ég að gera þegar ég var tuttugu og eins árs? Að gifta mig? Neeei ég var að skemmta mér á interraili með vinkonu minni. Svo fór ég í Myndlistarskólann að dúlla mér

eitthvað og bjó heima hjá pabba og mömmu í góðu yfirlæti. Nú eru komin þrjú ár síðan og er ég búin að gifta mig eða í þess konar hugleiðingum? Nei ekki beinlínis. Ég er samt búin að flytja að heiman og á mína eigin þvottavél sem mér þótti skrambi stórt skref í átt að fullorðinsleika á sínum tíma. Fyrir þrjátíu árum hefði verið mjög eðlilegt fyrir mig að vera gift með þrjú börn akkúrat núna. En í staðinn er ég bara að leika mér í skóla, pæla í hvað ég ætti að gera næst. Ætti ég að eignast börn næst? Neeei ég held ekki. Kannski geri ég það einhvern tíma þegar mér er hætt að líða eins og ég sé ennþá nítján ára. Ég er búin að vera nítján ára í fimm ár og verð ennþá

nítján á næsta ári þegar ég verð tuttugu og fimm ára. Við skulum ekki ræða þá tölu því hún er svo há að ég bara treysti mér ekki til að telja svo hátt. Á hinn bóginn þá hef ég engar áhyggjur af líkamlegri öldrun. Þó svo að það skelfi mig hversu hratt árin líða þá hlakka ég til hrukknanna, annað en stór meirihluti kvenna á jörðinni. Ég ætla að vera geðveikt krúttleg amma í finum kjólum og með hvítt hár. Ég botna ekkert í þessari æskudýrkun hjá fólki því ég veit um fátt falletgra en fullorðnar og þroskaðar konur sem skína af þroska og reynslu. Það er dásamlegt að eldast, ég vil bara ekki að það gerist á slíkum ljóshraða og raunin er.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Dansinn dunar

Simian Mobile Disco (SMD) er raf-rænn dansdúett nafnanna James Ford og James Shaw. Þeir voru áður í kvintettinum Simian sem gerði lagið Never Be Alone sem seinna var endurhljóðblandað af Frökkunum í Justice. Varð þá til klúbbaslagarinn We Are Your Friends með Justice vs. Simian. Frá 2005 hafa SMD síðan verið að endurhljóðblanda urmúl af lögum, til dæmis með Klaxons, The Rapture og Air við góðan orðstír.

SMD hafa einnig gefið út nokkrar smáskífur hjá franska plötu-fyrirtækinu Kitsuné sem er leiðandi í danstónlistarsenu heimsins nú um stundir ásamt Ed Banger (þar sem Justice er einmitt stærsta nafnið). Á Attack Decay Sustain Release er einmitt að finna þessar fyrri smáskífur sem hafa verið svo áberandi á dansgölfum skemmtistaða. Þvílíkt safn eitraðra hittara hefur því ekki komið út innan danstónlistarsenunnar í langan tíma.

Í raun er hvert einasta lag plötunnar til þess fallið að gera allt vitlaust á dansgölfinu og þau fara líka létt með það. Æsingslegir taktar, ótrúlega grípandi krókar og mínimalísk óhljóð eru flaggskip plötunnar. Oft bætast líka við einfaldir textar sem trufla mann ekki mikið og gefa lögunum oft aukna vídd. „I believe / you could be / what I need / to believe“ og „Love is all you need to know / and love is all you need / to know“ eru dæmi um pass-lega hnyttni.



TÓNLIST

Attack Decay Sustain Release

Simian Mobile Disco

★★★★

Ögrandi taktar og banvænir krókar gera Attack Decay Sustain Release aðra af stóru partíplötum sumarsins (hin er † með Justice).

Bestu lög plötunnar eru án nokkurs vafa It's the Beat (sem söngkona The Go! Team syngur) og Hustler. Tryllingslega góð lög. En eins og áður segir eru nær öll lögin hreinræktaðir klúbbahittarar. Undantekningarnar eru I Got This Down sem er viðvaningslegt fönklag og lokalagið Scott sem hefði mátt sleppa. Setjið samt bara þessa plötu á fóninn og þá þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af partíinu.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Bylgjan á puttanum um landið í sumar

Bylgjan heimsækir skemmtilegustu útihátíðirnar og býður þér með! Mundu eftir Gluggapóstinum. Settu Bylgju-merkið í glugga sem sést frá þinni götu og Bylgjan kemur færandi hendi ef heppnin er með þér. Dagskrána og nánari upplýsingar finnur þú á bylgjan.is.

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

1. verðlaun í Þýskalandi W2241WPS

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

Þurrkari T223

Verð frá kr. 78.540

Íslenskt stjórnborð

Ný og betri tromla

Verð frá kr.106.600

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

40% AFSLÁTTUR

LOKAÐ Í DAG - ÚTSALAN HEFST Á MORGUN FIMMTUDAG

KONUR OG MENN

LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK



Allt breytt eftir sigurinn

„Ég gerði mér ekki grein fyrir því hversu mikil áhrif þessi sigur myndi hafa,“ segir Baltasar Kormákur, leikstjóri Mýrinnar sem hlaut Kristalshnöttinn á Karlovy Vary-kvikmyndahátíðinni í Tékklandi. Þegar Fréttablaðið ræddi við Baltasar vikuna áður en úrslitin voru tilkynnt höfðu borist einhver tugir tilboða um að koma með myndina á kvikmyndahátíðir. Nú væri öldin hins vegar önnur og tilboðunum og hamingjuóskum hreinlega rignir inn.

„Ég hef bara aldrei upplifað annað eins, umfjöllun um sigurinn var á forsíðu Variety og skipulagið okkar er því gjörbreytt,“ útskýrir Baltasar en bætir því hins vegar við að hann ætli að stíga varlega til jarðar. Sigurinn hefur jafnframt mikla þýðingu fyrir Baltasar sem leikstjóra og á borðinu liggja nokkur tilboð um að leikstýra kvikmynd-

um erlendis og leikstjórinn viðurkennir að honum lítist sérstaklega vel á eitt en vildi ekki gefa upp hvað og hvaðan það væri.

En leikstjórinn liggur alls ekki með tærnar upp í loft og íhugar gylliboð frá útlöndum. Baltasar var ekki fyrir lentur eftir sigurförina til Tékklands en hann var kominn út í Flatey ásamt leikmyndasmiðum við að undirbúa gamanmyndina Brúðguminn. „Maður verður að nýta tímann á meðan það er svona gott veður,“ sagði Baltasar. Og þá er einnig í farvatninu að leika í kvikmynd Óskars Jónasonar sem hefur verið þekkt undir nafninu S.O.S en hefur nú verið gefið nafnið Reykjavík Rotterdam.

- fgg

BALTASAR MEÐ HNÖTTINN Sigurinn á Karlovy Vary hefur gjörbreytt öllu skipulagi. Mýrin ætti því að fara víða á þessu ári.



Setur kavíar í hárið

Leikkonan Catherine Zeta-Jones hefur gengið ansi langt í fegrunarráðum og þrífur hárið með sérstökum Beluga-kavíar frá Íran. Þetta lætur hún gera á hárgreiðslustofu í Suður-Kensington. „Catherine uppgötvaði kavíarmeðferðina síðasta sumar og var yfir sig hrifin þegar hún fann hversu gott þetta gerði hárinu,“ sagði heimildarmaður. „Kavíarinn er fullur af Omega-3 fitusýrum sem koma í veg fyrir þurrt og skemmt hár.“ Catherine lyktar þó ekki af fiski alla daga því kavíarinn er unninn þannig að hann verði lyktarlaus áður en hann er settur í hárið.



CATHERINE ZETA-JONES Leikkonan er yfir sig hrifin af hármæðferð sem snýst um að nudda kavíar inn í hárið.



FIMMTA ÆVINTÝRIÐ Myndin Harry Potter og Fönixreglan er frumsýnd í íslenskum kvikmyndahúsum í dag. Þetta er fimmta myndin um galdratrákinn og skólafélaga hans en hinar fjórar hafa allar notið mikilla vinsælda.

KRAKKARNIR Í HOGWARTS

Fimmta kvikmyndin um Harry Potter er frumsýnd í íslenskum kvikmyndahúsum í dag. Af því tilefni fór Birgir Örn Steinarsson í heimsókn í Hogwarts-skóla og ræddi við þrjá af nemendunum.

Sviðsljósið í Harry Potter-myndunum hefur fram til þessa nær eingöngu beinst að aðalhetjunum þremur, þeim Harry Potter (leikinn af Daniel Radcliffe), Ron Weasley (Rupert Grint) og Hermione Granger (Emma Watson) en þau eru ekki einu nemendurnir sem eru að hefja enn einn veturinn í Hogwarts-skólanum.

Tveir þeirra eru flestum áhugamönnum um ævintýri Harry vel kunnir. Það eru hin litla og brot-hætta yngri systir Ron, Ginny Weasley (Bonnie Wright), og hrakfallabálgurinn Neville Longbottom (Matthew Lewis) en þau hafa birst í öllum myndum og bókum um hetjuna til þessa. Nýlega bættist svo í hópinn fegurðardísinn Cho Chang (Katie Leung) sem Potter sér ekki sólina fyrir.

Dreymdi aldrei um að verða leikkona

Bonnie Wright hefur þroskast heilmikið frá því að hún komst í klandur í Leyniklefnum eftir að hún fann leynilega dagbók Voldemorts. Í dag er hún 16 ára unglingstúlka og af málfari hennar og hegðun grunar mig að hún sé von afar ólíkum fjölskylduhög-

um en þekkjast á Weasley-heimilinu. Þrátt fyrir að hafa tekið þátt í öllum myndunum, segist hún ekki enn von því að vera fyrir framan myndavélarnar.

„Ég held að ég geti aldrei algjörlega vanist því að sjá sjálfa mig á biótjaldinu. Með hverri mynd höfum við líka þroskast og vaxið þannig að maður sér alltaf nýja útgáfu af sjálfum sér. Mér finnst líka alveg ótrúlega erfitt að átta mig á því hversu margir eru að fylgjast með þessu, og hversu margir aðdáendur vita allt um bækurnar og persónurnar sem við erum að leika. Þegar maður mætir á frumsýningarnar fær maður alltaf svolítið sjokk að sjá alla þessa öskrandi aðdáendur.“

Þekkir fólk þig út á götu?

„Já, en þetta virðist alltaf gerast þegar maður á minnst von á því. Og yfirleitt þegar maður er á einhverjum stað sem maður hefði aldrei haldið að þetta kæmi fyrir. Maður reynir bara að vera jákvæður og vingjarnlegur.“

Þannig að þér finnst gaman að gefa eiginhandaráritanir?

„Já, ég hef ekkert á móti því. Það er bara hluti af þessu.“

En ef að strákar eru að spyrja þig um símanúmer?

„Já, það virðist vera þannig að það að leika í kvikmyndum auki þannig áhuga líka,“ segir hún en fer svolítið hjá sér. „Mér finnst alltaf svolítið skrítið

þegar svoleiðis gerist. En ef þeir eru sætir, slæ ég alveg til.“

Bonnie segist ekki vera viss um að hún muni halda áfram í kvikmyndaleik eftir að seríunni um Harry Potter lýkur. Hún spilar á saxafón og gítar auk þess sem hún hefur mikinn áhuga á hönnun.

„Þegar ég var yngri dreymdi mig aldrei um að verða kvikmynda-leikkona. En eftir þá reynslu sem ég hef öðlast get ég alveg séð mig vinna að kvikmyndum. Þó ekkert endilega að því að leika, bara að taka þátt í því að búa þær til. Mig langar í listaháskóla, þannig að kannski enda ég í listadeildinni eða sem búningahönnuður?“

Að kyssa Harry Potter

Nýliðinn í Hogwarts-hópnum heitir Katie Leung. Fönguleg tvítug stúlka sem leikur Cho Chang, stúlkuna sem Harry Potter heldur ekki vatni yfir.

„Þið megið búast við kossum,“ svarar hún um hæl aðspurð um innihald nýju myndarinnar. „En það er líka mikið um bardaga og æfingar. Þið megið líka búast við því að kynnst nýjum hryllilegum kennara sem heitir Dolores Umbridge. Hún er hræðileg. Þegar ég las bókina hataði ég



ÁNÆGD Í HOGWART

Ungu leikararnir **Bonnie Wright, Katie Leung og Matthew Lewis** fara með hlutverk í nýju Harry Potter myndinni sem frumsýnd er í dag. Þetta er fimmta myndin um galdratrákinn. Þau eru öll ánægð með veru sína í Hogwart-skólanum og hafa gaman af að fara með hlutverk sín.



Bíla- og mótórhjóladagar

Nú eru mótórhjóladagar hjá Shell.
20% afsláttur
af Shell Advance mótórhjólalínunni.



Shell
V-Power
5 kr. afsláttur pr. lítra.

Made to move



Dita er glamúrgella

Háklassa-strippgellan Dita Von Teese segist ekki hafa áhuga á náttúrulegri fegurð. „Ég hef mun meiri áhuga á glamúr,“ segir hún. „Hin unga Marilyn Monroe var einungis falleg stúlka í heilum hafsþjó af fallegum stúlkum. Það var ekki fyrr en hún aflitaði á sér hárið og setti á sig gerviaugna-hár sem hún varð sérstök. Þetta er hugmyndin um að það sem þú sért ekki fædd með, getir þú búið til.“

Von Teese hefur oft viðurkennt að hafa farið í brjóstastækkun. Hún er þekkt fyrir gamaldags stíl og segist hafa sótt innblástur hjá gamalli frænku. „Frænka mín, Opal, teiknaði á sig fegurðar-bletti, notaði grænan augnskugga



DITA VON TEESE Stripp-arinn fagri segist sækja innblástur til gamallar frænku sinnar en Dita er þekkt fyrir sérstakan glamúrstíl.

og litaði hárið á sér logandi rautt. Hún reykti sigarettur með sigar-ettuhaldara og blótaði eins og sjó-ari. Flestum fannst hún ógeðsleg en mig langaði að vera nákvæm-lega eins og hún.“

Tískulína frá Timberlake

Justin Timberlake var mættur í Harvey Nichols í New York í fyrradag þar sem ný tískulína frá honum var kynnt. Aðdáendur flyktust að í von um að líta stjórnuna augum en ásamt Justin hann-ar vinur hans Trace Ayala línuna sem ber heitið William Rast.

Fullt af öðrum stjörnum mættu til að kíkja á flíkurnar en þarna voru meðal annars flottar fyrirsætur eins og Lily Cole, Petra Nemcova, Olivia Inge og Jamie Gunns. Þarna var líka Amy Sacco, drottning næturlífsins í New York, en hún er eigandi tveggja heitustu næturklúbbanna í borginni; Lot 61 og Bungalow 8. „Ég er að vinna á klúbbnum mínum, Bungalow 8. En ég bara varð að kíkja við til þess að heilsa upp á vin minn, Just-in,“ sagði hún töffaralega.



JUSTIN TIMBERLAKE Ný tískulína hans, William Rast, er komin í búðir í Bandaríkjunum og var kynnt almenningi í Harvey Nichols í fyrradag.

hana og ég hlakka til að sjá hvernig hún verður í myndinni.“

Katie fékk hlutverkið eftir áheyrnarprufur í London fyrir um fjórum árum en hafði þá enga reynslu í leiklist. Í dag er hún eina stelpa sem hefur fengið að kyssa Harry Potter, a.m.k. fyrir fram-an myndavélarnar. „Ég var rosa-lega stressuð, en þetta gekk samt vel fyrir sig, og ég skemmti mér konunglega við tókurnar á þessu atriði. Ég var ekki alveg að telja hversu oft við þurftum að kyssast, en það var bókað ekki þrjátíu sinnum, eins og stóð í slúðurblöðunum hérna. Líklegra nær tuttugu sinnum, samt heill hellingur.“

Æfðir þú þig áður með Daniel? „Nei, við fengum ekki tækifæri til þess. Við vorum bæði frekar stressuð. Við ræddum þetta líttillega áður en þetta byrjaði. Hann spurði mig hvort ég hefði mætt með Smint. Það var nú bara til þess að slaka spennuna á milli okkar örlítið áður en við lögðum út í þetta.“

Og er hann góður kyssari? „Já!“ svarar hún, og þar hafði þið það. Katie er komin með umboðsmann og ætlar að reyna að fá frekari hlutverk í kvikmyndum.

Longbottom verður hetja

Það kemur mikið á óvart hversu ólíkur leikarinn Matthew Lewis er persónu sinni Neville Longbottom. Ekki bara í fari heldur útliti. Pilturinn er hár, grannur og virðist vera nokkuð stæltur. Hann var líka með vísi að myndalegu skeggi þegar ég hitti hann. Týpiskur 19 ára breskur fótboltaunnandi sem hefur mest gaman af því að skreppa á pöbbinn með vinum sínum og syngja með lögum Oasis. Hann er líka hæst-ánægður með þróun persónu sinnar, en í nýjustu myndinni sýnir Neville Longbottom á sér hlið sem ekki hefur sést áður á hvíta tjaldinu.

„Hann breytist úr því að vera feiminn og klaufskur drengur í algjöran baráttumann. Hann er meira að segja kannski örlítið kærulaus þegar kemur að því að fara varlega í baráttu upp á líf og dauða. Hann berst enn fyrir hinu góða. Ég held að þetta verði frábær mynd því það er mikið um tilfinningalegt drama í henni í bland við hasar. Samt er nóg af léttu spaugi eins og verður að vera í Harry Potter mynd. Það er allt í þessari mynd, meira að segja bardagi á milli Dumbledore og Voldemort!“

Er ekki búið að vera skrítið að vaxa úr grasi sem nemandi Hogwarts-skóla?

„Jú, það verður að viðurkennast. Ef þú hefðir sagt mér fyrir sex árum síðan að ég ætti eftir að sitja hér að gefa viðtöl við blöð frá öllum löndum heims hefði ég aldrei trúað því. Ég get ekki ímyndað mér hvernig líf mitt hefði verið án þess að gera þetta, því þetta er búinn að vera svo stórkostlegur tími. Allt sem maður hefur séð og fengið að upplifa. Ég held bara að líf mitt væri hundleiðinlegt ef ég léki ekki í þessum myndum.“


Heldur fólk að þú sért svipaður persónu þinni, þegar það hittir þig fyrst?

„Já, stundum. Ég er reyndar mjög gleyminn og klaufskur en vonandi eitthvað svalari en Neville. Ég hefði sagt áður að ég væri mun hugrakkari en hann, en eftir þessa nýju mynd get ég varla sagt það lengur.“

Glænýr Astra Turbo



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



www.opel.is

2.290.000 KR. OPEL ASTRA TURBO – 17” ÁLFELGUR, 6 GÍRA, 180 HESTAR
35.387* KR. Á MÁNUÐI. ENGIN ÚTBORGUN

Nýi Opel Astra Turbo er fallegasti bíllinn á götunni. Astra eru alltaf léttir og snöggir en með Turbo eykst krafturinn til muna. Stórglæsileg hönnun helst í hendur við kraftmikla vél og magnaða aksturseiginleika. Stöðugleiki á veginum er frábær og útvortis hönnun minnkar vindmótstöðu. Niðurstaðan er kraftmikill og lifandi akstur.

Hlaðinn aukabúnaði
ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstólva og margt, margt fleira.

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00.
-----------------	--------------------------------------	---

- ☒ Þýskur
- ☒ Flottur
- ☒ Turbo
- ☒ Kraftmikill
- ☒ Vinsæll
- ☒ Verðlaunaður
- ☒ Aukabúnaður
- ☐ Dýr
- ☐ Klunnalegur
- ☐ Kraftlaus
- ☐ Leiðinlegur
- ☐ Ljótur

Austurlensk áhrif hjá Hrefnu

Hrefna Rósa Sætran opnar nýjan veitingastað snemma í ágúst og kallar hann Fiskmarkaðinn. Hrefna var í kokkalandslíðinu og eftir skóla fór hún að vinna á Sjávarkjallaranum þar sem hún var orðin yfirkokkur.

„Ég fékk mjög góða reynslu á Sjávarkjallaranum en langaði svo að prófa þetta sjálf og ákvað að opna veitingastað. Við verðum mestmegnis með fiskmeti á matseðlinum en einnig verða kjöt- og grænmetisréttir í boði fyrir þá sem vilja,“ segir Hrefna sem hefur hrifist mikið af austurlenskri matargerð.

„Ég er yfir mig hrifin af austurlenskum mat og hef verið að prófa mig áfram. Á Fiskmarkaðnum munum við því bjóða upp á það besta frá Íslandi í bland við það besta frá Austurlöndum og held ég að það sé skemmtileg blanda. Austurlensk matargerð getur verið svolítið snúin því það þarf að læra svo vel inn á hráefnið áður en hægt er að nota það. Draumurinn er svo að kíkja til Asíu en það verður að bíða seinni tíma.“

Fiskmarkaðurinn verður staðsettur í Aðalstræti 12, í gamla Ísafoldarhúsinu. „Þetta er allt að smella saman. Ég er komin með fjóra kokka með mér en



HREFNA RÓSA SÆTRAN Matreiðslukonan góðkunná mun opna nýjan veitingastað í byrjun ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

okkur vantar þó ennþá matreiðslunema og fleira starfsfólk,“ sagði athafnakonan mikla sem hefur hlotið góðar viðtökur í matreiðsluheiminum hingað til og er því þessi nýi veitingastaður ansi spennandi.

- bor

Í sama skóla og James Bond

Fyrirsætan Heiða Rún Sigurðardóttir komst á dögnum inn í leiklistarskólann Drama Centre London en hann er hluti af hinum virta Saint Martins College of Art and Design.

Það er hægara sagt en gert að fá inngöngu í Drama Centre því skólinn þykir meðal þeirra fimm bestu í leiklistarborginni London. Tvö þúsund manns sækja um á ári hverju en aðeins þrjátíu þeirra komast að. Heiða Rún Sigurðardóttir hefur ekki mikla reynslu af leiklist en segir fyrirsætustörf sín á Indlandi hafa komið að gagni þegar kom að inntökuprófunum. „Ég er búin að starfa sem fyrirsæta í Bombay síðan ég var 18 ára. Þar var ég svo heppin að fá að leika töluvert í bæði auglýsingum og tónlistarmyndböndum. Þess vegna hef ég verið töluvert fyrir framan myndavélar auk þess sem ég hef dansað á sviði frá því ég var krakki,“ segir Heiða en hún gekk í bæði Jassballettskóla Báru og Íslenska listdanssskólann.

„Í prufunum þurftum við að fara með tvær einræður til að byrja með. Annars vegar úr Shakespeare og hins vegar úr nútímaleikriti að eigin vali.“ Þegar Heiða kom í prufurnar voru dómarnir þegar búnir að bjóða 21 umsækjanda námsvist. „Mér datt ekki í hug að ég ætti möguleika enda voru bara níu pláss eftir, þar af örfá fyrir stelpur. Svo fékk ég bara símtal eftir tvo daga þar sem þeir buðu mér pláss,“ segir Heiða.

Kynjahlutföll þeirra þrjátíu sem komast inn í skólann eru ekki jöfn því skólinn veitir helmingi fleiri strákum inngöngu en stelpum. „Þjálfunin í skólanum er klassísk og mikið byggð upp á leikritum eftir Shakespeare og ýmis rúss-



FYRIRSÆTUSTÖRFIN KOMU AÐ GAGNI Heiða Rún segir fyrirsætustörf á Indlandi hafa hjálpað sér í inntökuprófum í leiklistarskóla.

esk skáld,“ segir Heiða þegar hún er innt eftir því hvernig standi á þessu ójafnvægi milli kynja. „Í þessum verkum eru kvenhlutverk af skornum skammti. Þess vegna taka þeir færri stelpur inn, einfaldlega til þess að þær þurfi ekki að eyða náminu í að leika karl-

lutverk.“ Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir er eini Íslendingurinn sem numið hefur leiklist við Saint Martins en skólinn hefur einnig útskrifað stórstjörnur á borð við Paul Bettany, Colin Firth og James Bond-leikarann Pierce Brosnan.

sigrunok@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

LÚXUS

FRA LEIKSTJÓRA STEVE CARELL

BRUCE ALMIGHTY

10

AND THE ORDER OF THE PHOENIX

Steve CARELL Morgan FREEMAN

Evan ALMIGHTY

STÆRSTA GRÍNMYND SUMARSINS

L

★★★★★

"BESTA SUMARMYNDIN TIL ÞESSAR" SVT-MRL

★★★★★

VJ.V.-TOPPS.IS

14

DIE HARD 4.0

YIPPEE KI YAY

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000	REGNBÖGINN Sími 551 9000
HARRY POTTER kl. 3 - 4 - 6 - 7 - 9 - 10	10 THE LOOKOUT kl. 5.50 - 8 - 10.10
HARRY POTTER LÚXUS kl. 3 - 6 - 9	10 DIE HARD 4.0 kl. 5.30 - 8 - 10.40
EVAN ALMIGHTY kl. 4 - 6 - 8 - 10	PREMONITION kl. 5.45 - 8 - 10.15
DIE HARD 4.0 kl. 5 - 8 - 10.45	14 FANTASTIC FOUR 2 kl. 6 - 8.20 - 10.30
FANTASTIC FOUR 2 kl. 3	
	450 kr. í bíó!

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919	REKINGJÓR Sími 462 3500
EVAN ALMIGHTY kl. 6 - 8 - 10	EVAN ALMIGHTY kl. 6 - 8 - 10
DIE HARD 4.0 kl. 5.15 - 8 - 10.45	14 DIE HARD 4.0 kl. 8 - 10.20
PREMONITION kl. 5.45 - 8 - 10	12 PREMONITION kl. 6
FANTASTIC FOUR 2 kl. 6 - 8 - 10	

MIDASALA Á **midí.is**

UPPREISNIN ER HAFIN

ÁLFABAKKA						
HARRY POTTER 5	kl. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11	10	SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 2 - 4 - 6	L	
HARRY POTTER 5	kl. 2 - 5 - 8 - 11	10	DIGITAL	kl. 8 - 10:10	L	
HARRY POTTER 5	kl. 2 - 5 - 8 - 11	VIP		OCEAN'S 13	kl. 10:10	7
EVAN ALMIGHTY	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	L		PIRATES 3	kl. 4	10
BLIND DATING	kl. 8	10				

KRINGLUNNI			
HARRY POTTER 5	kl. 4 - 5:15 - 7 - 8:15 - 10 - 11:15	DIGITAL	10
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 4	L	
SHREK 3 M/- Ensku TAL	kl. 6	L	
PIRATES 3	kl. 8	10	
OCEAN'S 13	kl. 11:15	7	

VIP SALURINN
ER STADSETTUR Í SAMHÖGNUM ALFABAKKA

AKUREYRI			
HARRY POTTER 5	kl. 6 - 8 - 10	10	
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 6	L	

KEFLAVÍK			
HARRY POTTER 5	kl. 6 - 9	10	
EVAN ALMIGHTY	kl. 8	L	
DIE HARD 4	kl. 10	14	
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 6	L	

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075

- bara lúxus

EVAN ALMIGHTY

STÆRSTA GRÍNMYND SUMARSINS

★★★★★

I.S.L. - ISL

★★★★★

"Besta sumarmyndin til þessa" I.S.L. - ISL

BRUCE WILLIS

DIE HARD 4.0

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

EVAN ALMIGHTY	kl. 4, 6, 8 og 10	L
DIE HARD 4.0	kl. 7.30 og 10-POWER	14
SHREK 3 enskt tal	kl. 4, 6 og 10	L
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 4, 5.45 og 8	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á **midí.is**

SJÁLFSKIPTUR SWIFT

4ra þrepa alvöru sjálfskipting, 1.5 L, 101 hestafla vél, búnaður og aksturseiginleikar í sérflokki. Komdu í reynsluakstur upplifunin verður ánægjuleg.

Verð frá 1.779 þús.
19.934 á mánuði*
Kiktu á suzukibilar.is

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.

*Miðað við 30% útborgun og bílasamning Gltinis til 84 mánaða, 50% isk/50% erlend mynt.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Denise Richards taldi víst að kærastinn **Richie Sambora** ætlaði að biðja um hönd hennar á Hawaii og fékk því sjokk þegar hann sagði henni upp í staðinn. Denise og Richie byrjuðu saman í apríl í fyrra þegar skilnaðir beggia voru ný-gengnir í gegn. Í febrúar síð-astliðnum fóru þau svo í frí til Hawaii en þá reið ógæfan yfir Denise. „Denise hélt að hann ætlaði að fara niður á hné. Þegar hann sparkaði henni í staðinn var hún eyðilögð,“ sagði kunningi þeirra.

Britney Spears heldur áfram að hneyksla fólk. Nú hafa birst af henni myndir þar sem hún er á göngu með sonum sínum. Slíkt væri varla í frásögur færandi nema af því að tíu mánaða gamall sonur hennar, **Jayden James**, heldur á sigarettu-pakka söngkonunnar á myndunum. Um leið berast reyndar jákvæðar fréttir af ástamálum Britneyjar því samband hennar og meðferðarfulltrúa hennar, **John Sundahl**, þykir ganga afar vel.

Veislusetrið



Brúðkaups-veislur

Önnumst alla þætti veislunnar

Veislupjónusta

Veislusalur

Borgartúni 6

S. 699-1653 • 517-0102

Mr. Skallagrímsson

Sýningar í júlí

13. kl. 20 Uppselt,
14. kl. 15 Uppselt,
14. kl. 20 Uppselt

Sýningar í ágúst

lau 11. kl. 20 Uppselt,
su. 12. kl. 15 aukasýning,
su. 12. kl. 20,
lau. 18. kl. 20
su. 19. kl. 15 aukasýning,
su. 19. kl. 20,
lau. 25. kl. 20,
su. 26. kl. 20,
fi. 30. kl. 20,
fö. 31. kl. 20 Uppselt

September

lau 8. kl. 20,
su 9. kl. 20,
fö 14. kl. 20,
lau 15. kl. 20,
lau 22. kl. 20,
su 23. kl. 20,
fö 28. kl. 20,
lau 29. kl. 20



LEIKARAR FRAMTÍÐARINNAR **Vignir Rafn Valþórsson**

Töffari án bílprófs

Níu leikarar útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands fyrir skemmstu og er ábyggilega ekki langt að biðja þar til andlit þeirra verða Íslendingum að góðu kunn. Á næstu dögum munu þessir nýjustu leikarar landsins sitja fyrir svörum hjá Fréttablaðinu, hver í sínu lagi. Í dag er það Vignir Rafn Valþórsson sem situr fyrir svörum.

Aldur: 28 ára.
Draumahlutverkið: Fjallkonan 17. júní.
Bókin á náttborðinu: Ævisaga Davíðs Oddssonar og ævisaga Charles Bukowsky.
Hvíta tjaldið eða leiksviðið: Bæði í einu.
Hverjum er það að kenna að þú fórst í

leiklist: Kennurunum mínum í menntaskóla fyrir að hafa ekki getað haldið mér yfir bókunum.
Besta æskuminningin: Sitja við skítalækninn í Fossvogsdal að reykja njóla.
Þú sérð gamla konu missa 5.000 kall. Hvað gerir þú? Hleyp á eftir henni með peninginn, að sjálfsögðu.
Sáttur við nýju ríkisstjórnina? Ég er sáttur með að það sé komin ný ríkisstjórn.
Myndir þú koma nakinn fram? Já, ekki spurning.
Þú ert seinn á frumsýningu. Það er rautt ljós en enga löggu að sjá. Hvað gerirðu? Ég keyri yfir, því ég væri hvort sem er að brjóta lögin. Ég er ekki með bílpróf.



VIGNIR RAFN VALÞÓRSSON
Ævisaga Davíðs Oddssonar og einn öl – blanda sem getur ekki klikkað að mati Vignis.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Við opnum nýja búð



Opnunartilboð

1.990,-

3 lítra dós
Flügger 97 – rétta viðarvörnin



Opnunartilboð

1.990,-

3 lítra dós
Flügger tréolía – á sólpallinn

Höfum opnað áttundu verslun Flügger lita á Íslandi. Sérhæfðar verslanir með málningu og málningarvörur fyrir fagmenn og neytendur.

www.flugger.is

Flügger litir

Ögurhvarfi 2, Kópavogi
Sími 587 4430. Ópið virka daga 8-18, laugardaga 10-15



> Gengið illa í titilvörninni

Bikarmeistarar Keflvíkinga hefja titilvörn sína í VISA-bikarnum í kvöld þegar þeir mæta B-deildarliði Þróttar á Valbjarnarvelli. Keflvíkingar mega passa sig í Laugardalnum í kvöld ef marka má söguna því þeir hafa dottið út fyrir B-deildarliði í tvö síðustu skipti sem þeir hafa reynt að verja bikarinn. Árið 1998 sló B-deildarlið KVA Keflavík út í 32-liða úrslitunum og fyrir tveimur árum vann B-deildarlið HK 1-0 sigur á þáverandi bikarmeisturum Keflavíkur í 16-liða úrslitum.

sport
sport@frettabladid.is



16 LIÐA ÚRSLIT VISA-BIKARS KARLA: HJÖRTUR HJARTARSSON OG GUÐMUNDUR METE MÆTAST Á NÝJAN LEIK

Ég ber engan kala til Guðmundar Mete

Sextán liða úrslitum VISA-bikars karla lýkur í kvöld með þremur leikjum. Þór tekur á móti Fylki á Akureyri, Breiðablik og HK mætast í Kópavogsslag og svo tekur 1. deildarlið Þróttar á móti Keflavík. Í þeirri viðureign mætast á ný Hjörtur Hjartarson, leikmaður Þróttar, og Guðmundur Mete, leikmaður Keflavíkur.

Þeir voru í aðalhlutverki í máli síðasta sumars. Þá lenti þeim saman í leik ÍA og Keflavíkur og Hjörtur játtaði eftir leikinn að hafa kallað Guðmund Tyrkjadjöful. Hann sagði það þó ekki hafa verið sagt af ástæðulausu enda hafi Guðmundur látið svívirðingarnar rigna yfir hann og meðal annars hótað að drepa sig. Málið fór fyrir aganefnd KSÍ og fékk Hjörtur tveggja leikja bann en Guðmundur eins leiks bann.

„Ég hef hvorki heyrt né séð í Guðmundi eftir þennan leik á Akranesi fyrir ári síðan. Ég heyrði aldrei frá honum og fékk aldrei neina afsökunarbeiðni frá honum en hann verður að

eiga það við sjálfan sig,” sagði Hjörtur sem kom meðal annars fram í Kastljósinu, sagði sínu sögu, játtaði brot sitt og baðst afsökunar. Guðmundur og Keflvíkingar neituðu að tjá sig um málið.

„Eflaust munu menn fylgjast með okkur en í ljósi atburða síðustu viku þá muni fólk almennt fylgjast með viðbrögðum Keflavíkurliðsins í heild sinni. Hvernig þeir vinna úr þessu máli á Akranesi,” sagði Hjörtur en hvernig leggst það í hann að mæta Guðmundi á ný? „Ég hef ekkert spáð í það sérstaklega en ég get ekki neitað því að ég hló létt þegar ég sá að við drögumst gegn Keflavík. Það er hvorki kvíði né beygur í mér að mæta honum. Þessi leikur verður ekkert óðruvísi fyrir mér en aðrir enda ber ég engan kala til Guðmundar og hef ýtt þessu máli út af borðinu hjá mér. Ég skulda Guðmundi ekki neitt og hann skuldar mér ekki neitt þó svo hann hafi aldrei séð ástæðu til þess að biðja mig afsökunar. Það væri samt almennilegt af honum ef hann útskýrði einhvern tímann sína hlið í málinu,” sagði Þróttarinn Hjörtur Hjartarson. Ekki náðist í Guðmund Mete í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.



ÚRSLIT

VISA-bikar karla:

KR-VALUR	1-1 (0-3 Í VÍTAKEPPNI)
0-1 Guðmundur Benediktsson (74.), 1-1 Tryggvi Sveinn Bjarnason (90.).	
ÍA-VÍKINGUR	2-1 (FRAMLENGT)
0-1 Arnar Jón Sigurgeirsson (45. mín.), 1-1 Andri Júlíusson (48.), 2-1 Jón Vilhelm Ákason (114.).	
ÍBV-FH	0-3
0-1 Matthías Vilhjálmsson (52.), 0-2 Bjarki Gunnlaugsson (65.). 0-3 Tryggvi Guðmundsson (80.).	
FIJRDABYGGÐ-FJÖLNIR	3-4
0-1 Ólafur Páll Snorrason (30 sekúndur), 0-2 Pétur Georg Markan (27. mín.), 1-2 Jóhann Ingi Jóhannsson (30.), 1-3 Tómas Leifsson (50.), 2-3 Jón Gunnar Eysteinnsson (60.), 2-4 Pétur Georg Markan (67.), 3-4 Jóhann Ragnar Benediktsson (82.).	
HAUKAR-FRAM	2-2 (4-3 Í VÍTAKEPPNI)
1-0 Ásgeir Þór Ingólfsson, 1-1 Igor Pesic, 1-2 Alexander Steen , 2-2 Goran Lukic.	

Javier Saviola frá Argentínu:

Samdi við Real

FÓTBOLTI Javier Saviola hefur ákveðið að ganga til liðs við Real Madrid á frjálsri sölu en Argentínumaðurinn fékk ekki nýjan samning hjá Börsungum.

Saviola lét hafa eftir sér á sínum tíma að hann myndi aldrei fara til erkifjendanna í Madrid en fetar nú sömu fótspor og Luis Figo en móttökurnar sem Portúgalinn fékk á Bernabeu eru mönnum enn í fersku minni en þá var öllu lauslegu kastað í hann.

Real Madrid keypti einnig varnarmanninn Pepe frá Porto í gær fyrir 30 milljónir evra eða um 2,5 milljarða króna.

- 66j

FÓTBOLTI Valsmenn tryggðu sér sæti í 8-liða úrslitum VISA-bikars karla eftir dramatískan sigur á KR-ingum í Vesturbænum. Vítaspyrnukeppni þurfti til að knýja fram úrslit en þar fóru heimamenn illa að ráði sínu. KR-ingar brenndu úr þremur vítaspyrnum á meðan Valsmenn skorðu úr öllum sínum.

Segja má að réttlætinu hafi verið fullnægt með sigri Vals í vítaspyrnukeppninni í gær. Liðið var í bílstjórásætinu allt fram á síðustu mínútu venjulegs leiktíma í gær þegar varnarjaxlinn Tryggvi Bjarnason skoraði með skalla eftir aukaspyrnu markvarðarins Stefáns Loga Magnússonar frá miðju vallarins.

Guðmundur Benediktsson hafði áður komið þeim yfir á 73. mínútu úr aukaspyrnu sem lak í gegn vörn KR en fram að þeim tíma hafði Stefán Logi komið í veg fyrir að Valsmenn næðu að skora. KR-ingar vörðust auk þess fimlega lengst af, með „nýju miðverðina“ Tryggva Bjarnason og Ágúst Gylfason sem bestu menn. Sóknarleikur af hálfu KR var hins vegar varla til staðar.

Teitur Þórðarson beitti sömu taktík og í síðustu leikjum KR og notaðist við 4-5-1 leikkerfið þar sem Rúnar Kristinsson var í



Í STRANGRI GÆSLU Ágúst Þór Gylfason hafði gætur á Helga Sigurðssyni en í vítakeppninni skoraði Helgi á meðan Ágúst skaut yfir í sinni spyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

frjálsri stöðu fremst á miðjunni. Rúnar er hins vegar ekki að finna sig í röndóttu treyjunni og um leið og jafn mikilvægur leikmaður er ekki inni í leiknum missir sóknarleikur KR algjörlega marks.

Valsmenn spiluðu eins og þeir eru vanir lengst af í gær, leikmenn eru mjög hreyfanlegir og ná oft á tíðum að spila boltanum vel á milli sín. Baldur Aðalsteinsson og Birk-

ir Már Sævarsson áttu mjög góðan leik á hægri vængnum í liði Vals og Guðmundur sýndi fína takta inn á milli. Liðið spilaði vel úti á velli en einhverra hluta vegna náði það ekki að binda endahnúttinn á sóknir sínar. Munaði þar mestu um framlag Helga, sem var mun minna en verið hefur í sumar.

Teitur verður seint sakaður um að reyna ekki að finna réttu blönd-

una í liði KR. Hann kvikar hvergi við að gefa ungu mönnunum tækifæri en í gær réðu þeir einfaldlega ekki við hlutverkið. Leikur KR gjörbreyttist til hins betra eftir að Teitur setti Jóhann Þórhallsson, Björgólf Takefusa og Óskar Örn Hauksson inn á. Mark Tryggva færði liðinu aukinn meðbyr í framlenginguna á meðan leikmönnum Vals var augljóslega brugðið og voru KR-ingar síst lakari aðilinn í framlengingunni. Liðið náði hins vegar ekki að nýta sér meðbyrinn til fullnustu.

Litlu mátti muna að Valsmenn yrðu fórnarlömb eigin einbeitingarleysis í gær. Liðið hafði tögl og hagldir á leiknum nánast frá upphafi. Liðið sýndi hins vegar mikinn karakter í vítaspyrnukeppninni með því að skora úr öllum sínum spyrnum fyrir framan Frostaskjólíð. KR-ingar guggnuðu hins vegar á pressunni.

vignir@frettabladid.is

VÍTAKEPPNIN

1-0 Helgi Sigurðsson	skoraði
1-0 Björgólfur Takefusa	varið
2-0 Sigurbjörn Hreiðarsson	skoraði
2-0 Ágúst Gylfason	skaut yfir
3-0 Daniel Hjaltason	skoraði
3-0 Jóhann Þórhallsson	varið

Körfuknattleikskonan Hildur Sigurðardóttir:

Komin aftur í KR

KÖRFUBOLTI Landsliðskonan Hildur Sigurðardóttir hefur ákveðið að spila með nýliðum KR í Iceland Express-deild kvenna næsta vetur en hún hefur spilað með Grindavík undanfarin tvö tímabil.

Hildur lék 96 leiki með KR á árunum 1999 til 2004 og var valin besti leikmaður deildarinnar tvö síðustu tímabil sín í Vesturbænum. Hildur var með 18,0 stig. 12,1 fráköst og 4,9 stoðsendingar að meðaltali þegar hún var síðast með KR tímabilið 2003-2004.

Hildur er gríðarlegur liðsstyrkur fyrir KR sem er að byggja upp nýtt lið.

- 66j



FER TIL KR
Hildur Sigurðardóttir verður ekki áfram með Grindavík.
VIKURFRÉTTIR

Aganefnd og úrskurðarnefnd KSÍ fundaði í gær:

Enginn úrskurður

FÓTBOLTI Aganefnd og úrskurðarnefnd KSÍ kom saman í gær en beðið var eftir úrskurði hennar um atburðina á Akranesi í síðustu viku þegar sauð upp úr milli Skagamanna og Keflvíkinga.

Knattspyrnusamband Íslands óskaði eftir greinargerð frá félögum sem létu stór orð falla í viðtölum eftir leikinn en ákváðu síðan að tjá sig ekki frekar um leikinn þar til að málið yrði tekið fyrir hjá KSÍ. Nefndin gerði

hins vegar engar athugasemdir við málið og dæmði einungis þá leikmenn í eins leiks bann sem fengu rautt spjald í leiknum.

Málið er statt hjá Þóri Hákonarsyni, framkvæmdastjóra KSÍ, og næstu skref í því eru í hans höndum. Þórir lagði ekki greinargerðir félaganna fyrir nefndina að þessu sinni en sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær ætla að taka ákvörðun um framhaldið á allra næstu dögum.

- 66j





HETJA SKAGAMANNA Jón Vilhelm Ákason tryggði Skagamönnum sigur á Víkingum í seinni hluta framlengingar og þar með sæti í 8 liða úrslitum. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Skagamenn unnu Víkinga í framlengingu í gær:

20 bikarsigrar í röð

FÓTBOLTI Sigurganga Guðjóns Þórðarsonar í bikarkeppninni heldur áfram en lið undir hans stjórn hafa unnið 20 leiki í röð í keppninni. Í gær lágu Víkingar, 2-1, fyrir ÍA í framlengdum leik. Skagamenn geta þakkað hinum 16 ára markverði, Trausta Sigurbjörnssyni, og Jóni Vilhelmi Ákassyni fyrir sigurinn. Trausti varði stórkostlega í leiknum og Jón skoraði glæsilegt sigurmark.

Víkingar réðu ferdinni algjörlega í fyrri hálfleik en Skagamenn lágu mjög aftarlega líkt og áður og freistuðu þess að sækja hratt. Leikurinn var frekar bragðdaufur en í lok fyrri hálfleiks brast stíflan er Arnar Jón batt endahnútinn á góða sókn Víkings, hirti frákast eftir að hinn 16 ára markvörður ÍA, Trausti Sigurbjörnsson, hafði varið vel skalla Viðars Guðjónssonar. 0-1 í hálfleik sem var sanngjörn staða.

Skagamenn voru eðlilega mun sóknðjarfari í síðari hálfleik og komu framar á völinn. Andri Júlíusson kom af bekknum fyrir Bjarna Guðjónsson, sem meiddist, í leikhléi og hann var aðeins búinn að vera á vellinum í tæpar þrjár mínútur þegar hann jafnaði leikinn fyrir ÍA.

Bæði lið fengu ágæt færi til að gera út um leikinn og þá aðallega Víkingurinn Egill Atlason sem fékk ein þrjú dauðafæri en á einhvern ótrúlegan hátt tókst honum að klúðra þeim öllum. Því varð að framlengja leikinn.

Það var fátt um fína drætti í framlengingunni og áhorfendur voru farnir að búa sig undir vítaspyrnukeppni þegar Jón Vilhelm þræddi sig glæsilega í gegnum vörn Víkings á 114. mínútu og lagði boltann svo í fjærhornið. Glæsilegt mark hjá Jóni sem hafði ekkert getað í leiknum fyrr en kom fram í seinni hálfleik framlengingarinnar. Það kallar maður að stíga upp á réttum tíma.

Víkingar náðu ekki að nýta tímann sem eftir lifði til að jafna og ÍA fagnaði innilega.

„Ég hélt að þetta væri að klúðrast í dag,“ sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, sem var ekki sáttur við sitt lið. „Mér fannst við vera mjög daprir og lengi að ná takti við leikinn. Þetta var tilviljanakenndur leikur en Jón þrjónaði sig glæsilega í gegn og kláraði leikinn fyrir okkur en Víkingarnir létu okkur hafa fyrir þessu.“

Magnús Gylfason, þjálfari Víkings, var ekki ánægður með hversu illa hans menn fóru með færin í leiknum. „Ég er mjög ósáttur enda nýttum við ekki færin okkar, vorum miklu betri og gefum svo aulalegt mark. Mér fannst líka dómgæslan skelfileg og vil að það komi fram. Maður á kannski að taka sömu taktík og Gaui og fleiri og hrauna yfir dómara til að fá betri dómgæslu.“

- hbg / - hph

FH, Fjölnir og Haukar komust öll áfram í 8 liða úrslit VISA-bikars karla í gær:

Sjö marka leikur á Eskifirði

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH, 1. deildarlið Fjölnis og 2. deildarlið Hauka komust í gær í átta liða úrslit VISA-bikars karla. Haukarnir slógu út úrvalsdeildarlið Fram í bráðabana í vítaspyrnukeppni.

Fjölnir komst í 8 liða úrslitin í fyrsta sinn í sögu félagsins eftir 3-4 sigur á Fjarðabyggð á Eskifirði. Grafarvogsbúar fengu óskabyrjun þegar Ólafur Páll Snorrason skoraði eftir aðeins 30 sekúndna leik. Fjölnismenn komust síðan bæði í 0-2, 1-3 og 2-4 en heimamenn náðu alltaf að minnka muninn. Pétur Georg Markan skoraði tvö mörk fyrir Fjölnismenn þar af fjórða markið sem að lokum skildi á milli liðanna. Fjarðabyggð vann deildarleik liðanna á dögnum 1-0 í Grafarvogi.

Íslandsmeistarar FH-inga unnu góðan 3-0 sigur í Eyjum. Vængbrotið 1. deildarlið ÍBV átti litla möguleika gegn Íslandsmeisturum FH



MÆTTI BRÓÐUR SÍNUM Sigurvin Ólafsson leikmaður FH mætti í gær yngri bróður sínum sem kom inn á sem varamaður í liði ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Þrátt fyrir að leika á heimavelli. Eyjamenn sýndu ágætis leik í fyrri hálfleik þar sem liðin skiptust á að sækja. Staðan var 0-0 í hálfleik.

Það má segja að Eyjamenn hafi fært FH-ingum fyrsta markið á

silfurfati þar sem Matthías Vilhjálmsson stal boltan af varnarmanni og lagði hann í netið framhjá markverði ÍBV. Eftir þetta þurftu Eyjamenn að bæta í sóknina og það kunna Íslandsmeistararnir vel að nýta sér og það voru þeir sem bættu við mörkum.

Haukar unnu Fram í bráðabana vítaspyrnukeppni á Ásvöllum í Hafnarfirði. Ásgeir Þór Ingólfsson kom 2. deildarliði Hauka í 1-0 gegn Fram eftir aðeins sjö mínútur en Igor Pesic náði að jafna leikinn með laglegu langskoti fyrir fyrir hlé. Fram komst yfir í framlengingunni en Haukar jöfnuðu og því varð að grípa til vítaspyrnukeppni þar sem Haukar unnu 4-3 eftir bráðabana.

Amir Mhica var hetja Haukanna því hann varði þrjár vítaspyrnur frá Frömurum sem hafa farið afar illa með vítin sín í sumar. - óej / já

VISA BIKARINN 2007

16 liða úrslit karla

Mið. 11. júlí	Kl. 19:15	Próttur R. - Keflavík	Valbjarnarvöllur
Mið. 11. júlí	Kl. 19:15	Þór - Fylkir	Akureyrarvöllur
Mið. 11. júlí	Kl. 19:15	Breiðablik - HK	Kópavogsvöllur

VISA styður íslenska boltann
www.visa.is



Nú brosa 2.796 vinningshafar breitt eftir síðasta útdrátt en þá eru þeir orðnir, þessa fyrstu sjö mánuði ársins, 20.013.

Gefðu þér færi á brosi 24. júlí, því þá drögum við út 10 milljónamæringa.

Fáðu þér miða á hhi.is eða í síma 800 6611. Það tekur enga stund.



**HAPPDRAETTI
HASKOLA ISLANDS**
vænlegast til vinnings

> DIANE KEATON

Þessi rétt rúmlega sextuga leikkona fæddist í borg englanna en sló fyrst í gegn á fjöllum leikhúsanna á Broadway. Keaton (Diane er þó ekkert skyld Micheal Keaton. Heitir meira að segja réttu nafni Diane Hall) varð hins vegar fyrst almennilega þekkt fyrir hlutverk sitt í Godfather-myndunum. Seinna varð hún í uppáhaldi hjá meistara Woody Allen sem veitti henni hvert aðalhlutverkið á fætur öðru en alls eru hlutverkin orðin átta. Vann hún meðal annars Óskarinn fyrir leik sinn í Annie Hall. Síðan þá hefur hún verið tilnefnd þrisvar sinnum til verðlaunanna en ekki hlotið þau aftur. Eitt þessara hlutverka var í myndinni Something's Gotta Give sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **KAREN D. KJARTANSDÓTTIR** SVEIAR YFIR ÁHUGAMÁLUM ALMENNINGS

Sjálfskipaðir menningarvitar hata Paris

Gáfað fólk rekur oft í rogastans þegar það sér fréttir af fræga fólkinu á vefsíðum á borð við Vísi eða Mbl. Fréttir af bólfimi Pete Doherty, holdafari fyrirsæta, fylleriðrugli Parisar Hilton og nærbuxnaleysi Britneyjar Spears eru yfirleitt mest lesnu fréttir vefjanna og sjónvarpsstöðvar um sama fitna eins og púkar á fjósbita. Vesalings viskubrunnum samfélagsins til mikillar armæðu. Þeir fussa og sveia yfir heimskunni og setja oft á tíðum athugasemdir við fréttina til blaðamannsins sem skrifaði hana. Yfirleitt hljóma þær svona: „Er þetta frétt! Blaðamenn landsins ættu að skammast sín fyrir að skrifa svona slúður. Réttast væri að þeir einbeittu sér að alvöru blaðamennsku. Það er skömm að þessu. Svei!“ Þessi gagnrýni er góðra gjalda verð en ég kemst þó ekki hjá því að velta því fyrir mér hvers vegna gáfumennin og umvöndunarfólkið góða er sífellt að lesa fréttir sem það fyrirliður af öllu hjarta. Hvers vegna lætur það sér ekki

nægja að lesa dálkana sem heita innlendar fréttir, erlendar fréttir eða menning. Þá myndi það nánast alveg sleppa við þá miklu Kristspínu sem það er svo þjakað af eftir lestur á viðurstyggilegu stelpuskómminni Paris Hilton og félögum hennar.

Ástæðan fyrir því að fréttir af þessu tagi eru settar í fjölmiðla er einfaldlega sú að fólk vill lesa slíkar fréttir. Þær eru yfirleitt mest lesna efni fjölmiðla. Fleiri þekkja þróun appelsínuhúðar Britneyjar en aðgerðir Seðlabankans.

Ég virði gáfað fólk og skal sveia með því yfir hórðómi Hollywood-liðsins hvenær sem það vill. Af væntumþykju og virðingu fyrir tilfinningum þess þá bið ég það samt, í hjartans einlægni, að hætta þessum sjálfsmeiðingum sem lestur fréttá af fræga fólkinu er því. Mín regla er sú að ef maður vill ekki blóðga sig með svipu þá gerir maður það ekki. Ef maður vill ekki blóðga og óhreinka sálina með syndum, heimsku og öðru foraði þá forðast maður lestur af lastafullu líferni.



● **EKKI MISSA AF**



► **22.05 Mr. and Mrs. Smith** STÖÐ 2 BÍÓ



► **21.35 Scrubs** SJÓNVARPIÐ



► **21.40 Medium** STÖÐ 2



► **21.15 Supernatural** SIRKUS



► **21.00 America's Next Top Model** SKJÁREINN

● **SJÓNVARPIÐ**

- 16.50 Leikir kvöldsins** e.
- 17.05 Leiðarljós**
- 17.50 Táknmálsfréttir**
- 18.00 Disneystundin**
- 18.01 Stjáni** (59:65)
- 18.23 Sígildar teiknimyndir** (1:13)
- 18.30 Alvöru dreki** (17:19)
- 18.54 Vikingalottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.10 Ljóta Betty** (22:22)
- 20.55 Litla-Bretland** (2:6) e.
- **21.35 Nýgræðingar** Gamanþáttaröð um lækinn J.D. Dorian og ótrúlegar uppkomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst.
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.25 Mótorsport**
- 22.55 Í fótspor hermannsins** (1 soldatens fodspor) Dönsk heimildamynd frá 2005 um Steven Ndugga frá Úganda sem varð hernaður aðeins 13 ára. Seinna lenti honum saman við yfirmenn sína og flýði land en kona hans var pyntuð til dauða. Yfirvöld í Úganda reyndu að hindra að myndin yrði gerð og höfundur hennar, Mette Zeruneith, varð sjálfur að flyja undan þeim.
- 00.25 Leikir kvöldsins** Sýnt úr leikjum kvöldsins í Vísa-bíkarkeppninni.
- 00.40 Kastljós**
- 01.10 Dagskrárlök**

● **BÍÓ** STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Owing Mahowny**
- 08.00 Wind in the Willows**
- 10.00 Marine Life**
- 12.00 Something's Gotta Give**
- 14.05 Owing Mahowny**
- 16.00 Wind in the Willows**
- 18.00 Marine Life**
- 20.00 Something's Gotta Give** Rómantísk gamanmynd.
- **22.05 Mr. and Mrs. Smith** Gamansöm glæpamynd með stórleikurunum og þarinu Brad Pitt og Angelinu Jolie í aðalhlutverkum.
- 00.00 Point Blank**
- 02.00 Intermission**
- 04.00 Mr. and Mrs. Smith**



- 07.00 Barnatími Stöðvar 2**
- 08.10 Oprah**
- 08.55 Í fínu formi 2005**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 Forboðin feður** (88:114)
- 10.15 Grey's Anatomy** (11:25)
- 11.05 Fresh Prince of Bel Air** (9:24).
- 11.35 Outdoor Outtakes** (2:13)
- 12.00 Hádegisfréttir**
- 12.45 Nágrannar**
- 13.10 Í sjöunda himni**
- 14.20 Extreme Makeover. Home Edition** (4:32)
- 15.50 Smá skrítnir foreldrar**
- 16.13 Batman**
- 16.38 Könnuðurinn Dóra**
- 17.03 Addi Panda**
- 17.08 Pocoyo**
- 17.18 Gordon Garðálfur**
- 17.28 Bold and the Beautiful**
- 17.53 Nágrannar** (Neighbours)
- 18.18 Ísland í dag og veður**
- 18.30 Fréttir**
- 18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
- 19.40 The Simpsons** (19:22)
- 20.05 Oprah** (What's Cool For Summer)
- 20.50 The Riches** (7:13) Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunum en telja að það sé kominn tími til að breyta til. Þau setjast því að í venjulegu úthverfi og gera sitt besta til þess að falla í hópinn.
- **21.40 Medium** (21:22) Raðmórðingi gengur laus og Allison kemst að því að góð vinkona hennar verður næsta fórnarlamb hans. Allison gerir allt sem hún getur til að vernda hana en kemst að því að vinkonan er ekki öll þar sem hún er séð. Bönnuð börnun.
- 22.25 The Secret Life of Girls**
- 23.55 A Shot at Glory**
- 01.45 Medium** (17:22)
- 02.30 The Riches** (7:13)
- 03.20 Grey's Anatomy** (11:25)
- 04.05 Oprah**
- 04.50 The Simpsons** (19:22)
- 05.15 Fréttir og Ísland í dag**
- 06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI**

■ **SIRKUS TV**

- 18.00 Insider**
- 18.30 Fréttir**
- 19.00 Ísland í dag**
- 19.40 Entertainment Tonight**
- 20.05 Party at the Palms** (3:12) (e) Playboy fyrirsætan, Jenny McCarthy, fer með áhorfendurna út á lífið í Las Vegas.
- 20.30 Young, Sexy and.....** (3:9) (Unga kóngafólkið) Spennandi þáttur þar sem kynnt er til sögunnar yngsta konungborna fólkið í heiminum og ljóstrað upp leyndarmálum um ástalf þess og framtíðaráform. M.a. er fjallað um afar dulið samband Fríðriks Danaprins og brasilísku prinsessunnar Paolu.
- **21.15 Supernatural** (22:22) Spennupættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
- 22.00 Las Vegas** (12:17) Eftir enn eitt reiðkastíð er Stóri-Ed skikkaður á reiðstjórnamámskeið. Á námskeiðinu er honum kennt að öðlast innri frið en fleiri reiðköst gætu orðið til þess að spilavitið missi starfsleyfið.
- 22.45 The Shield** (5:10) Einn út sér-sveitinni verður fyrir alvarlegri líkamsárás en ekki er vitað hver var þar að verki. Á meðan samstarfsmenn hans reyna að finna hinn seka stendur einnig yfir leit að raðnaudgara sem heldur kvenþjóðinni í heljargreipum. 2006. Stranglega bönnuð börnun.
- 23.30 My Name Is Earl** (20:23) (e)
- 23.55 Hidden Palms** (4:8) (e)
- 00.40 Entertainment Tonight** (e)
- 01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

■ **SJÓNVARP NORDURLANDS**

18:15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

16:45 og 17:45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

● **OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.

① **SKJÁREINN**

- 07:35 Everybody Loves Raymond** (e)
- 08:00 Dr. Phil** (e)
- 08:45 Vörutorg**
- 09:45 Óstöðvandi tónlist**
- 15:25 Vörutorg**
- 16:25 Tabloid wars** (e)
- 17:15 Design Star** (e)
- 18:15 Dr. Phil**
- 19:00 Everybody Loves Raymond** (e)
- 19:30 Will & Grace** (e)
- 20:00 On the Lot** Ný raunveruleikasería frá Mark Bumett, manningum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér. Í hverri viku fækkar í hópnum þar aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari og hlýtur að launum samning hjá Dreamworks.
- **21:00 America's Next Top Model** (10:13) Tyra Banks er mætt aftur og leitar að nýrri ofurfyrirsætu. Þetta er sjötta fyrirsætuleitin og þættirnir hafa alveg frá upphafi notið mikilla vinsælda hjá íslenskum áhorfendum. Að þessu sinni eru það 13 vöngóðar glæsidiðir sem ganga eftir sýningarpallinum. Áhorfendur fá að sjálfsögðu að fylgjast með öllu sem gerist á bak við tjöldin og það er alltaf líf og fjör hjá stelpunum. Þær eru á aldrinum 18-26 ára og þeirra á meðal eru húsamálari, barnfóstra, lyfjafræðingur og þýðandi. Eins og áður er Tyra Banks formaður dómnefndarinnar en hennir til halds og trausts eru Twiggy, Nigel Barker og J. Alexander.
- 22:00 Sex, love and secrets - NÝTT** Í fyrsta þættinum kynnumst við vinunum Charlie og Coop sem vita ekki að þeir eru báðir að reyna við sömu stúlkuna og fjölmiðlafulltrúinn Jolene reynir að stela kærasta blaðakonunnar Rose.
- 22:50 Everybody Loves Raymond**
- 23:15 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 00:05 Angela's Eyes** (e)
- 00:55 Kidnapped** (e)
- 01:45 Vörutorg**
- 02:45 Óstöðvandi tónlist**

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE



HVER VERÐUR NÆSTA DANSSTJARNAN?
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
ALLA FIMMTUDAGA KL. 20:40 OG FÖSTUDAGA KL. 20:30



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50

The Riches

Malloy-fjölskyldan heldur áfram að pretta nágrannana. Í þætti kvöldsins verður dauðsfall til þess að Malloy-fjölskyldan snýr aftur á heimaslóðir. Ekki eru allir sáttir við að hún sé komin aftur en sumir vilja nýta þetta tækifæri til að koma dóttur hjónanna í hjónaband.

► VIÐ MÆLUM MED

Sex Love & Secrets

Skjäreinn kl. 22.00

Spánný þáttaröð um vinahóp sem býr í Silver Lake, litlu úthverfi Hollywood. Eins og gengur og gerist reyna vinirnir að komast til botns í sjálfum sér og vilja vita hvað þeir vilja fá út úr lífinu. Sambönd þeirra verða oft flókin og þess vegna gengur á ýmsu. Aðalhlutverkið leikur engin önnur en Denise Richards.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45

Veðurfregnir

06.50

Bæn

07.05

Morgunvaktin

08.00

Morgunfréttir

09.05

Laufskálinn

09.45

Morgunleikfimi

10.13

Dragspilið dunar

11.03

Samfélagið í nærmynd

12.00

Fréttayfirlit

12.03

Hádegisútvarp

12.20

Hádegisfréttir

12.45

Veðurfregnir

12.50

Dánarfregnir og auglýsingar

13.00

Sakamálaeikritið: Sá yðar sem...

13.15

Á sumarvegi

14.03

Útvarpssagan: Rokkað í Vittula

14.30

Miðdegistónar

15.03

Sögur af sjó og landi

16.00

Síðdegisfréttir

16.10

Veðurfregnir

16.13

Hlaupanótan

17.03

Viðsjá

18.00

Kvöldfréttir

18.25

Spegillinn

18.50

Dánarfregnir og auglýsingar

19.00

Á sumarvegi

19.40

Sumarsaga: Borgin við sundið

20.00

Heima er best

20.40

Sérðu það sem ég sé?

21.00

Sólarglingur

21.55

Orð kvöldsins

22.10

Veðurfregnir

22.15

Kvöldsagan: Útlendingurinn

22.45

Kvöldtónar

23.10

Bókmenntir og landafræði

00.10

Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp

tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin /

Kristilegt efni

FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun /

Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

07.00

Copa America 2007 (Úrúgvæ - Brasilía)

17.10

Gillette World Sport 2007

17.40

PGA Tour 2007 - Highlights (The INTERNATIONAL)

18.40

Kraftasport - 2007 Þáttur um keppnina Sterkasti maður Íslands 2007 sem fram á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

19.20

Copa America 2007 (Úrúgvæ - Brasilía)

21.00

Augusta Masters Official Film

Þáttur um Masters mótið árið 2004. Árið 2004 voru þeir Phil Mickelson og Chris DiMarco í síðasta ráshópnum en þegar þarna var komið sögu hafði Mickelson aldrei sigrað á risamóti.

22.00

Ár í lífi Steven Gerrard (Steven Gerrard. A Year in my Life)

22.55

Steven Gerrard. Sagan til þessa (Steven Gerrard - A Year in my life - part 2)

23.50

Heimsmótaröðin í Póker 2006.

00.40

Copa America 2007 (Mexíkó - Argentína)

BBC PRIME

10.00

Big Cat Diary

10.30

Yes, Minister

11.00

My Hero

11.30

My Family

12.00

Hetty Wainthropp Investigates

13.00

Waking the Dead

14.00

Passport to the Sun

14.30

Homes Under the Hammer

15.30

Bargain Hunt

16.00

My Hero

16.30

My Family

17.00

The Week the Women Went

17.30

Small Town Gardens

18.00

Waking the Dead

19.00

The Inspector Lynley Mysteries

20.00

The Thick of It

20.30

Manchild

21.00

Waking the Dead

22.00

Yes, Minister

22.30

The Inspector Lynley Mysteries

23.30

My Hero

0.00

My Family

0.30

EastEnders

1.00

Waking the Dead

2.00

Hetty Wainthropp Investigates

3.00

Passport to the Sun

DR 1

6.00

SommerSummarum

7.35

Yu-Gi-Oh!

11.05

En reporter går ombord

11.35

Hokus Krokus

12.05

Dawsons Creek

12.50

Nyheder på tegnsprog

13.00

Hjerteflimmer Classic

13.30

SommerSummarum

15.05

Trolldomsæskan

15.30

Klassen 1. b

15.45

Tagkamrater

16.00

Når gorillaen flytter på landet

16.30

TV Avisen med Sport

17.00

SommerVejret

17.05

Miss Marple

18.00

Søren og Søren

18.30

Chris på chokoladefabrikken

19.00

TV Avisen

19.25

Sommervejret på DR1

19.40

Aftenour 2007

20.05

Kriminalkommissær Foyle

21.40

Seinfeld

22.05

Onsdags Lotto

22.10

Planet X

NK1

6.00

Freidige Fanny

6.20

Postmann Pat

6.35

Noahs dyrebare øy

7.05

Gjengen på taket

7.20

De tre vennene og Jerry

7.30

Trollz

8.00

Totalt genialt!

8.25

Med hjartet på rette staden

9.10

Jukeboks: Autofil

10.00

Jukeboks: Dansefot

11.00

Jukeboks: Ekstremvær

12.00

Jukeboks: Lydverket live

13.30

The Tribe - Den nye morgendagen

13.55

Lyoko

14.20

Norske filmminner

15.50

Oddasat - Nyheter på samisk

15.55

Nyheter på tegnspråk

16.00

Nysgjernge Nils

16.15

I Mummidalen

16.40

Distriktsnyheter

17.00

Dagsrevyen

17.30

Og nå

17.55

Walkabout

18.25

Ed Robinson

18.55

Distriktsnyheter

19.00

Siste nytt

19.10

Sommeråpent

20.00

Komiprisen - årets morsomste

20.05

Vikinglotto

20.15

Lox og orden: New York

21.00

Kveldsnytt

21.15

Norge i dag

21.25

Carnivale

22.20

Battlestar Galactica

23.00

Alfred Hitchcock presenterer

1 SVT 1

7.15

Hej hej sommar

7.16

Tintin

7.45

Blue Water High

10.00

Rapport

10.05

Varför, Ouafa?

12.35

Matiné

14.00

Rapport

14.05

Gomorra

15.00

Sverige

15.00

Författarporträtt

15.30

Finländsk hjälp i Gudruns spår

16.00

Fifi och blomsterfröna

16.10

Evas sommarplåster

16.20

Lilla röda traktorn

16.30

Hej hej sommar

16.31

Tintin

17.00

Blue Water High

17.30

Rapport

18.00

Uppdrag granskning - sommarspecial

19.00

Moonlight Mile

20.55

Rapport

21.05

Försvarsadvokaterna

21.50

Sändningar från SVT24

N1

Bíltæki

Blaupunkt Valencia MP36

356 7646080310

16.900,-

CD/MP3

iPOD tengimöguleikar

FM/MW/LW - 30 stöðva minni

4x45W Mosfet magnari

16 lita skjár með næturlýsingu

28.798,-

5.990,-

320,-

1.590,-

42.100,-

4.900,-

1.490,-

6.990,-

28.798,-

5.990,-

320,-

1.590,-

JÚLÍTILBOÐ

Í stórverslun N1 að Bíldshöfða færðu allar nauðsynlegar vörur fyrir bílinn í miklu úrvali, ýmislegt sem gerir ferðalagið skemmtilegra og tryggir að þú komist heilu og höldnu á leiðarenda.

Drullutjakkur

835 530110

6.990,-

9.990,-

Farangursbox 430L

820 731846

42.100,-

53.900,-

Dekkjaviðgerðarsett

664 210 215

4.900,-

7.210,-

2T hjólatjakkur

835 511020

1.490,-

1.990,-

2 STÆRÐIR

B94 H45 D44

B46 H33 D33

Álbbox á beisli m/lás

134 TB240038T

28.798,-

35.998,-

N1 toppasett 3/8"

889 H02A339

5.990,-

7.998,-

Bílasápa 1L

115 SWV1L

320,-

463,-

Samlokugrill 12v

093 RPDF168

1.590,-

1.997,-

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200

OPIÐ VIRKA DAGA 8-18

OPIÐ LAUGARDAGA 10-14

MORGUNMATURINN

„Það er nú ósköp einfalt. Ég borða ristað brauð og drekk ávaxtasafa með. Þetta geri ég líklegast svona 342 daga ársins.“

Halldór Hauksson útvarpsmaður.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. spil 6. 999 8. hestaskítur 9. gláp 11. skóli 12. umstang 14. masar 16. í röð 17. tunna 18. gubb 20. bor 21. skrífa.

LÓÐRÉTT
1. reigingslegur gangur 3. pot 4. sam-ræta 5. svelgur 7. andóf 10. nudda 13. rá 15. svall 16. persónuformafn 19. bardagi.

LAUSN
15. ráll, 16. þær, 19. at.
5. iða, 7. mótmæli, 10. nú, 13. slá,
LÓÐRÉTT: 1. ngs, 3. of, 4. samsama,
17. áma, 18. æla, 20. al, 21. ríta.
LÁRÉTT: 2. gosi, 6. ím, 8. tað, 9. gón,
11. ma, 12. stúss, 14. malar, 16. þæ,

- VEISTU SVARID?
- Svör við spurningum á síðu 8.
- 1

Björgólfur Thor Björgólfsson.
- 2

Kolstakkur og Freyr.
- 3

Til að hindra kynlíf á almenningssalernum.

Hvað er að fréttu?

Fréttir af fólki

www.visir.is

visir

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

30

FRÉTTABLAÐIÐ

11. júlí 2007 MIÐVIKUDAGUR

Horfir á fótboltaleiki úr húsbílnum

„Þetta er einstaklega þægilegt og ég get ekki annað en mælt með þessu. Þetta er klárlega besta sætið á vellinum. Svo þegar lítið er að gerast í leiknum er hægt að kíkja á fréttirnar í sjónvarpinu,“ segir Hafnfirðingurinn Þórður Rúnar Þórmundsson, gallharður stuðningsmaður FH, sem horfir á heimaleiki sinna manna í Kapla-krika úr húsbílnum sínum.

„Ég byrjaði á þessu fyrir fjórum árum þegar það var mikil rigning úti. Þetta gafst einstaklega vel og nú get ég ekki hugsað mér að horfa á leikinn öðruvísi,“ segir Þórður, sem gjarnan tekur son sinn, Hörð Reyni, með sér á völinn. Þeir feðgar láta síðan fara vel um sig á meðan á leik stendur,

fá sér að snæða og drekka kaffi – í skjóli fyrir hvers kyns veðrum og vindum.

„Það er allt til alls í bílnum,“ segir Þórður sem á það til að fá vallargesti til sín sem biðja um kaffi. „Það er sjálfsagt að gefa kaffi á meðan birgðir endast en ég skal ekki segja hvort mitt kaffi er betra en það sem er verið að selja í sjoppunni,“ segir Þórður og hlær en þess ber að geta að hann mætir á bílnum í fullu samráði við vallarstarfsmenn í Kaplakrika.

- víg

SNIDUGIR FEÐGAR Þórður Rúnar og Hörður Reynir láta fara vel um sig í húsbílnum í Kaplakrika. Kaffið er að sjálfsögðu við höndina.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON: ENDURVEKUR ÞÁTT ÓMARS RAGNARSSONAR

Spurningakeppni sveitar-félaga endurvakin í haust

„Þetta er rétt, við verðum með þessa keppni og hún hefst 14. september,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV ohf., en Sjónvarpið hyggst endurvekja spurningakeppni milli 24 stærstu sveitarfélaga landsins. Ómar Ragnarsson stýrði sams konar þætti sem hét Hvað heldurðu? í Sjónvarpinu seint á níunda áratugnum. Þegar Ómar færði sig yfir á Stöð 2 hélt hann uppteknum hætti en þá hét þátturinn Landsleikurinn. Í þáttum Ómars sló meðal annars ritstjórinn Illugi Jökulsson rækilega í gegn þegar hann lagði hvern keppinautinn af fætum öðrum í eltingarleik að bjöllumni göðu.

Þórhallur vildi ekki gefa upp hverjir myndu sjá um stjórn þáttarins. Hann útilokaði þó að Ómar Ragnarsson myndi endurtaka leikinn. Dagskrárstjórinn reiknaði hins vegar fastlega með því að þátturinn yrði kynntur fyrir starfsmönnum og svo landsmönnum öllum í ágúst þegar flestir væru snúnir til baka eftir sumarfrí.

Aðspurður hvort hvert sveitarfélag yrði síðan með skemmtiatriði sagði Þórhallur svo vera. „En fyrst og fremst verður þetta spurningakeppni sveitarfélaganna og barátta þeirra um hvert þeirra sé skemmtilegast og gáfaðast.“

Reykjanesbær hefur augljóslega tekið forystu í þessum málum því á vef Vísirfréttu kemur fram að menningarfulltrúinn auglýsir eftir fólki til að skipa hið þriggja

ÓMAR Stýrði þættinum á níunda áratug síðustu aldar.



BYRJAR Á SPURNINGAKEPPNI Dagskrárstjórinn Þórhallur Gunnarsson er farinn að láta til sín taka og hans fyrsta stóra verkefni er spurningakeppni milli sveitarfélaganna.

manna lið. Reiknað er með að einn „frægur“ frá bæjarfélaginu taki þátt í keppninni en



það getur verið söngvari, leikari eða bara stolt bæjarins.

Þetta verður því þriðja spurningakeppnin sem landsmönnum gefst kostur á að sjá í haust. Fyrir eru Meistari Loga Bergmanns á Stöð 2 sem fastlega má gera ráð fyrir að snúi aftur á skjáinn og svo auðvitað Gettu betur þar sem menntskælingar etja kappi. Þórhallur telur hins vegar síður en svo komið nóg af spurningakeppnum enda sé þetta einfaldlega eitt skemmtilegasta sjónvarpsefnið sem völ er á.

freyrgigia@frettabladid.is

ILLUGI Var öllum mönnum fremri í að hlaupa að bjöllumni.

Reiknað með metþátttöku í Mýraboltanum

„Í fyrra voru 260 þátttakendur en við teljum okkur vera illa svikna ef sú tala verður ekki slegin í ár,“ segir Hálfán Bjarki Hálfánarson, talsmaður Mýraboltamótsins sem haldið verður á Ísafirði um verslunarmannahelgina. Undirbúningur er í fullum gangi og verður leikið á fjórum völlum. Verið er að rífa upp gras og bleyta vel í öllu með aðstoð slökkviliðsins og annarra tækjagóðra einstaklinga sem vilja leggja sitt á vogarskálarnar þannig að mótið takist sem best.

Hálfán hefur verið útnefndur drullusokkur mótsins sem er einhvers konar framkvæmdastjóri en aðspurður hvort þessi titill væri ekki frekar niðurlægjandi sagði Hálfán svo ekki vera. Það

væri hreinlega fín tilfinning að vera drullusokkur.

Mýraboltinn sló í gegn á síðasta ári eftir að mótshald hafði farið frekar lágt árin tvö á undan. Og voru myndir frá leikjunum meðal annars notaðar í auglýsingaherferð Vodafone. Enda segir Hálfán að áhuginn sé mikill og þá ekki síst hjá kvenfólkinu. „Þær leggja mikið upp úr búningum og eiga alveg jafn mikla möguleika á sigri eins og karlarnir,“ segir Hálfán. Mótið fer fram í Tunguskógi í Skutulsfirði en þar er eini löglegi keppnisvöllurinn í þessari allsérstæðu íþrótt.

- fgg

DRULLUGT Mýrabolti er ekki fyrir þá sem vilja halda sér hreinum allan daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FRÉTTIR AF FÓLKI

Unnur Birna Vilhjálmssdóttir er komin heim frá Hróarskeldu en hellidimba setti sem kunnugt er svip sinn á hátíðina. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru líkur á því að næsta verkefni Unnar sé skylt hátíðinni að einhverju leyti því henni mun ætlað að leika í auglýsingu fyrir íslenska vatnið sem Jón Ólafsson og félagar flytja nú út af miklum móð. Vatnið ber heitið Icelandic Glacial og er nú selt í Evrópu, Kanada og Bandaríkjunum.

Fyrirsætan Kolbrún Pálína Helgadóttir hefur nóg að gera þessa dagana enda ekki þekkt fyrir að láta sér leiðast. Kolbrún er að byggja sér hús í Mosfellsbæ ásamt manni sínum, Presti Jóni Sigurðssyni, en þau hafa hingað til búið í Árbænum. Saman eiga þau son, en auk þess að byggja hús og sinna móðurhlutverkinu er Kolbrún að kenna fördum.

Sjónvarpið hefur ákveðið að breyta reglum sem gilda fyrir undankeppni Eurovision hér á landi. Í nýju reglunum er tekið sérstaklega fram að laga- og textasmiðir sem búsettir eru á Íslandi frá 1. október 2007 og fram yfir Eurovision keppnina árið 2008 megi senda inn lög. Þetta þýðir að erlendir hljómlistarmenn geta flutt til landsins í þeim tilgangi að taka þátt ef þeim sýnist svo. Auk þess er það ekki lengur heilög skylda að senda inn lög sem sungin eru á íslensku þótt tekið sé fram að það þyki æskilegt. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu aðalkeppninnar voru Íslendingar síðastir Vestur-Evrópuþjóða til að tilkynna þátttöku í Serbíu á næsta ári.

- sök

Lauflétt kaup

Engin útborgun. Lægra verð.*

Aðeins 48 bílar í 3 daga.

Komdu strax.



13.052 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Nýttu þér
tilboðin
Tökum notaðan
uppí notaðan

Citroën C3 1,2 bsk. skrd. 12/2003 ek: 61.000 km.
Verð 890.000 kr. Tilboðsverð 790.000 kr. Engin útborgun.
13.052 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. ZZ027.

Engin útborgun - afborgun
undir 15.000 kr. á mánn.



11.055 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Daihatsu Applause Ltd. 1,6 bsk. skrd. 04/1999 ek: 100.000 km.
Verð 460.000 kr. Tilboðsverð 360.000 kr. Engin útborgun.
11.055 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. VH560.

Engin útborgun - afborgun
15.000 - 20.000 kr. á mánn.



17.113 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 10/2003 ek: 84.000 km.
Verð 1.090.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
17.113 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. IR058.

Engin útborgun - afborgun
20.000 - 25.000 kr. á mánn.



21.872 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Renault Megane 1,6 ssk. skrd. 07/2004 ek: 38.000 km.
Verð 1.750.000 kr. Tilboðsverð 1.299.000 kr. Engin útborgun.
21.872 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. OE432.

Engin útborgun - afborgun
yfir 25.000 kr. á mánn.



28.430 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën C5 SX 2,0 ssk. skrd. 08/2005 ek: 34.000 km.
Verð 2.160.000 kr. Tilboðsverð 1.990.000 kr. Engin útborgun.
28.430 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PU579.



12.127 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

MMC Lancer 1,3 bsk. skrd. 06/2001 ek: 122.000 km.
Verð 620.000 kr. Tilboðsverð 490.000 kr. Engin útborgun.
12.127 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. MT544.



19.004 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 11/2003 ek: 60.000 km.
Verð 1.270.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
19.004 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. BI760.



22.205 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Renault Kangoo 1,5 bsk. skrd. 07/2005 ek: 32.000 km.
Verð 1.740.000 kr. Tilboðsverð 1.550.000 kr. Engin útborgun.
22.205 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OU583.



34.090 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Hyundai Santa FE 2,7 ssk. skrd. 11/2005 ek: 37.000 km.
Verð 2.790.000 kr. Tilboðsverð 2.390.000 kr. Engin útborgun.
34.090 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. YZ499.



14.023 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Citroën Berlingo Van 1,4 bsk. skrd. 04/2004 ek: 86.000 km.
Verð 990.000 kr. Tilboðsverð 850.000 kr. Engin útborgun.
14.023 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. SL685.



19.004 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Citroën Picasso 1,8 bsk. skrd. 12/2003 ek: 60.000 km.
Verð 1.320.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
19.004 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. DT930.



23.090 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Hyundai Santa FE 2,4 bsk. skrd. 12/2000 ek: 140.000 km.
Verð 1.290.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
23.090 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. ZT406.



41.703 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Jeep Grand Cherokee 4,0 ssk. skrd. 12/2003 ek: 64.000 km.
Verð 2.550.000 kr. Tilboðsverð 2.190.000 kr. Engin útborgun.
41.703 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. UG661.

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á



BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

Eru ekki allir í stuði?

Í síðustu viku fór ég með tveggja ára gamlan son minn til Kaupmannahafnar til að sýna honum Tívolíð og dýragarðinn. Þegar ég velti framtíðinni fyrir mér sé ég alltaf fyrir mér hvað við eigum eftir að ferðast mikið saman. Ég myndi til að mynda bjóða honum á Hróarskelduhátíðina þegar hann fermdist. Þangað fór ég fyrir sjö árum og sá meðal annars Travis, Kent, Willy Nelson og Moloko.


EIN uppáhaldshljómsveitin mín, Pearl Jam, var líka mætt en hún hafði aðeins leikið nokkur lög þegar Eddie Vedder kraup á sviðið. „Han gráter“ sögðu Sviarnir fyrir aftan mig. Tónleikarnir voru blásnir af og það var ekki fyrr en ég kveikti á sjónvarpinu næsta dag að ég áttaði mig á því hvað hafði gerst. Átta ungir menn höfðu troðist til bana undir mannfjöldanum. Augnblyánturinn lak í svörtum taumum niður andlit Gotharanna þegar ég kom aftur inn á tónleikasvæðið. Gleðin var búin og þótt ég hafi fengið smjörþefinn af stemningunni sem ríkir á hátíðinni finnst mér ég verða að fara aftur. Og þá býð ég sko syni mínum með.

NÚ hefur hann aftur á móti áhuga á allt öðru en rokki. Hann setti á sig sjóræningjahatt og tók sér bæði sverð í hönd og danskan fána, sem honum hafði tekist að pissa á fyrr um daginn, og fór þannig útlítandi í Tívolíð. Saman snemumst við mæðginin um í hringekju og klöppuðum í takt við leik lúðrasveitar skipuðum taktföstum drengjum. Þegar við komum aftur inn á hótél stóðu niðurrignð norsk ungumenni forug upp á lær í mótökunni. Þau vildu herbergi og sem betur fer voru þau til því annars hefði ég staflað þessum þrándheimsku krökkum inni hjá okkur syni mínum.

MEÐAN krakkarnir biðu eftir lyklunum heyrði ég þá ræða böndin sem þeir áttu í vændum. Ég heyrði nöfnin Arcade Fire og Arctic Monkeys. Eða var það Arcade Monkeys og Arctic Fire? Það rann upp fyrir mér að ég var ekkert inn í þessari tónlist. Líklega yrði ég ekkert minna úti á þekju sumarið 2018. Ef ég færi á Hróarskeldu það árið myndi ég líklega bara snúast um sjálfa mig föst á fortíðartrippi í leit að Pearl Jam, Kent og Travis. Willy Nelson verður líkast til kominn undir græna torfu. Sonur minn myndi skammast sín fyrir mig og þegar ég spyrdi hann hvort við ættum ekki bara að skella okkur í hringekjuna í Tívolíinu, „þér fannst það nú einu sinni svo gaman“, myndi hann endanlega stinga mig af.

MARKAÐURINN
Einfalt mál
með Fréttablaðinu alla miðvikudaga

www.toyota.is



Fimm stjörnu öryggi



Corolla hlaut hæstu einkunn, fimm stjörnur, í evrópska NCAP öryggisprófinu.

Meira rými

Hljóðlátastur í sínum flokki

Framúrskarandi aksturseiginleikar

Hátt endursöluverð

Enn meiri þægindi

Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu

Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla á sölustöðum Toyota um land allt.

Verð frá 1.899.000* kr.

ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 36678 05/07



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

*Corolla SD Terra

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070